

Alþingi
Erindi nr. Þ 140/1644
komudagur 27.3.2012



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Skipulögð alþjóðleg glæpastarfsemi

Skýrsla stýrihóps til ríkislögreglustjóra
Júní 2004

Til athugunar: Þar sem í skýrslunni er rætt um skipulagða alþjóðlega glæpastarfsemi er einnig átt við fjölbjóðlega glæpastarfsemi. Ennfremur er notað orðið glæpastarfsemi en ekki brotastarfsemi. Með þessu er verið að samræma orðalag.

Efnisyfirlit

FORMÁLI	5
INNGANGUR.....	6
SAMNINGUR SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA GEGN ALÞJÓÐLEGRI OG SKIPULAGÐRI GLÆPASTARFSEMI	6
<i>Skipulögð glæpasamtök skilgreind</i>	7
<i>Alvarleg auðgunarbrot</i>	7
<i>Peningaþvætti</i>	7
<i>Spilling gerð refsiverð</i>	7
<i>Hindrun framgangs réttvísinnar</i>	7
<i>Viðaukar við samning Sameinuðu þjóðanna</i>	8
SKIPULÖGÐ, ALÞJÓÐLEG GLÆPASTARFSEMI (STUTT, SÖGULEGT ÁGRIP)	9
REYNSLA NÁGRANNAÞJÓÐA OG ÚRRÆÐI	10
SKIPULAG OG STARFSEMI GLÆPAHÓPA.....	10
SKIPULAGÐIR GLÆPIR Í EVRÓPU OG ÓGN SEM AF ÞEIM STAFAR	11
<i>Glæpir gegn einstaklingum</i>	11
<i>Dreifing fíkniefna</i>	11
<i>Efnahagsbrot og brot gegn eignarrétti</i>	12
<i>Ólöglegir verðmætaflutningar</i>	12
MÓTORHJÓLAGENGI	13
<i>Samræmingarráð yfirvalda í Noregi</i>	14
<i>Úrræði tollgæslu</i>	15
<i>Fangelsismál</i>	16
<i>Veitingastaðir</i>	16
<i>Handhafar vopna</i>	16
<i>Tryggingafélög</i>	16
<i>Yfirvöld umferðarmála</i>	16
<i>Vammlausir mótörhjólaklúbbar</i>	16
LÖGGJÖF OG ÚRRÆÐI NÁGRANNAÞJÓÐA.....	17
<i>Danmörk</i>	17
<i>Þýskaland</i>	17
<i>Kanada</i>	18
<i>Bretland</i>	19
SKIPULÖGÐ GLÆPASTARFSEMI Á ÍSLANDI	21
HELSTU FLOKKAR BROTA	21
<i>Dreifing fíkniefna</i>	21
<i>Brot á skattalögum og önnur efnahagsbrot</i>	21
<i>Peningaþvætti</i>	21
<i>Mansal</i>	21
<i>Hatursglæpir tengdir kynþáttafordómum</i>	22
<i>Skipulagðir þjófnaðir og rán</i>	22
<i>Spellvirki – hryðjuverk</i>	22
<i>Annað</i>	23
ERLENDIR BROTAMENN Á ÍSLANDI	23
ÍSLENSKT LAGAUMHVERFI	26
BANN VIÐ STARFSEMI TILTEKINNA SAMTAKA EÐA FÉLAGA Á ÍSLANDI	26
<i>Með hvaða heimild?</i>	26
<i>Hver á að skilgreina glæpasamtök og hvernig?</i>	26
NÝJUNGAR Í LÖGGJÖF OG FLEIRA	27
TOLLALÖG.....	28
ALÞJÓÐLEGT SAMSTARF	29
MÓTORHJÓLAGENGI OG SKIPULÖGÐ GLÆPASAMTÖK.....	29
VITNAVERND.....	29
INNRA EFTIRLIT	31

TILLÖGUR.....	32
HUGMYNDR MEDAL NÁGRANNAÞJÓÐA.....	32
<i>Stefnumörkun</i>	32
<i>Lagaumhverfi</i>	32
<i>Framkvæmd aðgerða</i>	32
<i>Upplýsingasöfnun</i>	32
TILLÖGUR STÝRIHÓPSINS.....	33
<i>Úttekt og stöðumat</i>	33
<i>Sókn gegn glæpum</i>	33
<i>Samhæfing upplýsingadeilda – ný upplýsingadeild RLS</i>	33
<i>Mótorhólagengi</i>	34
<i>Forvarnir lögreglustjóranna</i>	35
<i>Gengi tengd kynþáttahatri / unglíngagengi</i>	35
<i>Fræðileg rannsókn</i>	35
<i>Innri málefni réttarvörslukerfisins</i>	36
<i>Tillögur um lagabreytingar</i>	36
SAMANTEKT	38
HEIMILDIR	39

Formáli

Ríkislögreglustjóri skipaði hinn 19. janúar 2004 sérstakan stýrihóp sem leita á leiða til þess að koma í veg fyrir að alþjóðleg glæpasamtök nái fótfestu á Íslandi. Helstu verkefni stýrihópsins eru, skv. skipunarbréfi hans, að:

1. Leggja fram áætlun um viðtækt samstarf stjórnvalda til að koma í veg fyrir að alþjóðleg glæpasamtök geti starfað á Íslandi.
2. Gera tillögur að nauðsynlegum lagabreytingum til að koma í veg fyrir að hægt sé að stofna alþjóðleg glæpasamtök á Íslandi og úrræði yfirvalda í þeim efnum.
3. Fara yfir áhættumat og tillögur svokallaðs MG-vinnuhóps og taka ákvörðun um nauðsynlegar aðgerðir. Ákveða hvernig lögregla og tollgæsla geti nýtt MG-vinnuhópinn við einstakar aðgerðir.
4. Skipuleggja og stýra aðgerðum lögreglu og tollgæslu á landsvísu.

Hópurinn starfar í náinni samvinnu við MG-vinnuhóp lögreglu og tollgæslu sem hefur frá árinu 1999 unnið að upplýsingaöflun gagnvart einni tegund glæpasamtaka, svokallaðra mótörhólagengja. Formaður þess vinnuhóps er ritari stýrihópsins. Þá hefur stýrihópurinn fengið til liðs við sig starfsmann fíkniefnastofu ríkislögreglustjóra en verkefni hans er að vinna að úttekt á skipulagðri glæpastarfsemi á Íslandi í samvinnu við stýrihópinn.

Skýrsla þessi er samantekt stýrihópsins eftir yfirferð gagna um skipulagða glæpastarfsemi í Evrópu. Er hún til þess ætluð að gefa góða heildarsýn um stöðu þessara mála, jafnframt því að leggja fram tillögur um tiltekin atriði. Stýrihópurinn mun halda áfram vinnu sinni við að ná sem bestri heildarsýn á skipulagða glæpastarfsemi á Íslandi og fylgjast með þeim úrræðum sem aðrar þjóðir eru að gera í þessum efnum.

Í stýrihópnum eru: Guðmundur Guðjónsson, yfirlögregluþjónn hjá embætti ríkislögreglustjóra (formaður), Egill Bjarnason, yfirlögregluþjónn hjá lögreglustjóranum í Hafnarfirði, Friðrik Smári Björgvinsson, yfirlögregluþjónn hjá lögreglustjóranum í Kópavogi, Hörður Jóhannesson, yfirlögregluþjónn hjá lögreglustjóranum í Reykjavík, Sigurður Skúli Bergsson, forstöðumaður tollasviðs hjá tollstjóranum í Reykjavík og Ellisif Tinna Víðisdóttir, fulltrúi hjá sýslumanninum á Keflavíkurflugvelli. Ritari stýrihópsins er Kristján H. Kristjánsson og aðstoðarmaður stýrihópsins er Theódór Kristjánsson, báðir lögreglufulltrúar hjá embætti ríkislögreglustjóra.

Reykjavík, 4. júní 2004

Guðmundur Guðjónsson

Egill Bjarnason

Sigurður Skúli Bergsson

Ellisif Tinna Víðisdóttir

Friðrik S. Björgvinsson

Hörður Jóhannesson

Skilgreiningar

Inngangur

Engin ein skilgreining á hugtakinu „skipulögð glæpastarfsemi“ var lengstum viðtekin í heiminum, þrátt fyrir að um sé að ræða stórfellt vandamál í flestum löndum Evrópu og jafnvel heiminum öllum. Þessi skortur á skilgreiningu gerði það nokkuð erfitt að gera sér tæmandi grein fyrir umfangi skipulagðrar glæpastarfsemi. Einnig aðrir þættir eins og:

- Munur á réttarfari milli landa.
- Munur á skráningaraðferðum lögreglu milli landa.
- Munur á kerfisbundinni skráningu afbrota og lögregluaðgerða.

Þrátt fyrir þessa vankanta eru gögn meira eða minna samanburðarhæf og þau sýna að skipulögð glæpastarfsemi hefur stöðugt færst í vöxt. (B. Dobovšek, 1996).

Eitt af því sem einkennir skipulagða glæpastarfsemi er fagmennska, skipulagning og nær ótakmörkuð fjárráð. Fyrir vikið er hér um sífellt vaxandi og erfiðari mál að ræða. Ágóði af skipulagðri glæpastarfsemi eykst jafnt og þétt og ógnar ríkisvaldi og samfélagi, þar sem brotamennirnir festa illa fengið fé sitt í löglegri starfsemi (peningaþvætti) og bjóða heim hættunni á spillingu. Skipulögð glæpastarfsemi er ekki bundin af landamærum einstakra ríkja, sem gerir þörfina fyrir alþjóðasamstarf lögreglu svo mikilvægt. Jafn mikilvæg er samræming löggjafar milli landa og pólitísk áhersla á upprætingu slíkra brota. Mismunandi framkvæmd löggæslu og ósamræmi milli landa er augljóslega til trafala, ekki síst í ljósi þess að brotamennirnir eru ekki háðir slíkum takmörkunum. (B. Dobovšek, 1996).

Hinn 1. maí 2004 fjölgaði ríkjum Evrópusambandsins úr 15 í 25. Talið er líklegt að sú stækkun auki tækifæri skipulagðra glæpahópa til að sækja sér nýja markaði og auðveldi þeim að skipuleggja glæpastarfsemi sína. Stækkunin mun auðvelda viðskipti milli landa og draga úr allskyns hömlum á starfsemi en löggæslu- og eftirlitsstofnanir einstakra ríkja eru áfram háð landamærum (EU Organised Crime Report 2003, bls. 10).

Samningur Sameinuðu þjóðanna gegn alþjóðlegri og skipulagðri glæpastarfsemi

Samningur Sameinuðu þjóðanna gegn skipulagðri, alþjóðlegri glæpastarfsemi, sem öðlaðist gildi 29. september 2003, tekur af tvímæli um skilgreiningu hugtaksins og er lyftistöng fyrir alþjóðlega baráttu gegn skipulögðum glæpum.

Skv. 3. grein samningsins gildir hann um varnir gegn, rannsókn á og saksókn vegna þeirra brota sem lýst eru refsiverð í öðrum greinum hans. Einnig gagnvart afbrotum sem eru liður í alþjóðlegri glæpastarfsemi þar sem skipulögð glæpasamtök koma við sögu og sem varða frelsissviptingu í allt að fjórum árum eða þyngri refsingu (sbr. B-liður 2. gr.).

Skipulögð glæpasamtök skilgreind

„Skipulögð glæpasamtök“ eru skilgreind í 2. gr. samningsins, sem samhæfð samtök þriggja eða fleiri manna, sem fyrirfinnast um tíma og starfa í þeim tilgangi að fremja eitt eða fleiri alvarleg afbrot, sem lýst eru refsiverð samkvæmt samningnum, í því skyni að hagnast fjárhagslega eða efnislega með öðrum hætti á beinan eða óbeinan hátt.

Alvarleg auðgunarbrot

Í 5. gr. samningsins er lögð sú skylda á aðildarríki að setja lög um refsineami þess að sammælast um það ásamt fleirum að fremja alvarlegt afbrot í hagnaðarskyni eða annars ávinnings, eða að taka virkan þátt í eða stuðla að framkvæmd brota sem þannig er til stofnað.

Peningaþvætti

Þá skulu aðildarríki SP setja sér lög um refsineami þess að umbreyta eða yfirfæra eign vísitandi í því skyni að leyna ólöglegum uppruna hennar, samkvæmt 6. gr. samningsins. Sérstaklega er fjallað um peningaþvætti í 7. gr. Þar eru yfirvöldum hvers lands lagðar þær skyldur á herðar að gera raunhæfar ráðstafanir til að koma upp um og fylgjast með flutningi á peningum og viðskiptabréfum yfir landamæri sín, auk ákvæðis um samstarf yfirvalda innan landsvæða og milli landa í þessu skyni. Samkvæmt Europol (EU Organised Crime Report 2002, bls. 22) fjárfesta glæpasamtök illa fengið fé æ meir í löglegri starfsemi, sem gerir það að einhverju marki erfiðara að greina á milli löglegrar og ólöglegrar starfsemi og ávinnings.

Spilling gerð refsiverð

Aðildarríkjunum er í 8. gr. samningsins falið að setja reglur sem lýsa spillingu refsiverða, þ.e. bæði að bera fé á opinberan starfsmann eða heita honum öðrum ávinningi fyrir það að brjóta gegn starfsskyldum sínum með aðgerðum eða aðgerðaleysi. Á sama hátt skal það gert refsivert að opinber starfsmaður þiggi slíkan ávinning og brjóti starfsskyldur sínar. Fram kemur í gögnum Europol (EU Organised Crime Report 2002, bls. 22) að glæpasamtök sjái sér jafnan hag í að verja dágóðum hluta tekna sinna til að múta opinberum starfsmönnum, jafnt stjórnmálamönnum sem embættismönnum.

Hindrun framgangs réttvísinnar

Loks er aðildarríkjunum sett sú kvöð að þau skulu setja reglur og gera ráðstafanir sem geri það refsivert að kalla með ofbeldi, hótunum eða lofordum eftir röngum framburði vitnis eða hindra vitni í framburði sínum vegna brota sem samningurinn fjallar um. Ennfremur skal sett bann og skorður við því að unnt sé með sömu aðferðum að hafa áhrif á embættismann réttarkerfisins eða opinberan starfsmann í því skyni að hindra hann í að sinna starfsskyldum sínum.

Einstakir brotaflokkar eru nánar tilgreindir í skýrslu Europol um skipulagða glæpastarfsemi frá árinu 2002 (EU Organised Crime Report 2002, bls. 19-22). Í skýrslunni er tekið fram að ýmsar tegundir glæpa tengist oft öðrum.

- Dreifing fíkniefna
- Smygl á fólki og mansal
- Barnaklám
- Fjárkúgun

- Svik
- Fölsun
- Smygl á verslunarvöru
- Smygl á ökutækjum
- Aðrir glæpir

Þá nefnir skýrslan ofbeldi og hótanir sem stjórnþæki margra glæpasamtaka gagnvart meðlimum sínum og líka samstarfsaðilum um hina brotlegu starfsemi. Þetta ofbeldi er talið fara mjög vaxandi í Evrópu og manndráp eru einn liður þess (bls. 22).

Viðaukar við samning Sameinuðu þjóðanna

Tveir viðaukar við samning SÞ fjalla um baráttu gegn verslun með fólk og refsingar fyrir þess háttar brot, og baráttu gegn smygli á fólk í lofti, landi og á sjó. Tilgangur viðaukanna er sagður að koma í veg fyrir smygl og verslun með fólk, að vernda og aðstoða þolendur slíkra brota og að stuðla að samvinnu aðildarríkja SÞ í því skyni að ná þessum markmiðum. Lagt er að aðildarríkjum að gera þessa háttsemi refsiverða, hafa uppi aðgerðir gegn henni og sameinast um að uppræta hana. Þá er m.a. kveðið á um forvarnaaðgerðir, ráðstafanir á landamærum ríkja og eiginleika ferða- og persónuskilríkja.

Skipulögð, alþjóðleg glæpastarfsemi (stutt, sögulegt ágríp)

Á tímum vaxandi upplýsingaflæðis er miðlun upplýsinga í baráttunni gegn skipulagðri glæpastarfsemi mikilvægari en fyrr. Á undanförunum þremur áratugum hafa skipulagðir glæpir haldist mjög í hendur við tækniframfarir. Á sama tíma hafa ólík hugmyndafræði og pólitískir múrar vaxið og takmarkað árangur í baráttunni gegn þessum óvini nútíma samfélagsins. Eftirlit með flæði fjármagns hefur t.a.m. daprast mjög með innleiðingu greiðslukorta og rafrænna greiðslumiðla. Peningar hafa misst áþreifanleika sinn með slíkum færslum og auðveldað peningaþvætti. (B. Dobovšek, 1996).

Eitt einkenni skipulagðrar glæpastarfsemi á áttunda áratug síðustu aldar var skipting einstakra þátta hennar milli þjóða / þjóðarbrotá. Á níunda áratugnum náði hún að þróast og greinast og brotamenn sérhæfðu sig á vissum sviðum efnahagslífsins, tölvutækni og peningaþvættis. Aftur fóru viss einkenni að koma fram eftir þjóðum / þjóðarbrotum á síðasta áratug aldarinnar og fjölþjóðlegt samstarf varð áberandi á ný. Nýtt einkenni þessara hópa varð ásóknin í völd og yfirráð sem er svo hættulegt öryggi hverrar þjóðar. (B. Dobovšek, 1996).

Það eru ýmis ljón í veginum þegar kemur að baráttunni gegn skipulagðri glæpastarfsemi. Refsingar og önnur úrræði hafa ekki haldist í hendur við þróunina og aðlagast breyttum aðstæðum. Vegna hins frjálsa fjármagnsflæðis milli landa, hafa komið upp nýjar aðferðir til peningaþvættis. Aðferðir glæpasamtaka hafa þróast hratt á sama tíma og samstarf lögreglu og annarra stofnana hefur verið of hægfara. (B. Dobovšek, 1996).

Reynsla nágrannaþjóða og úrræði

Skipulag og starfsemi glæpahópa

Hinn samevrópski markaður hefur aukið á áhrif glæpasamtaka á svæðinu. Hið frjálsa flæði varnings, fjármagns og fólks hefur auðveldað þeim starfsemi sína. Ein vísbending um aukna starfsemi glæpasamtaka er skráður fjöldi þeirra innan aðildarlandanna, sem hefur vaxið úr a.m.k. 3.000 (með um 30.000 meðlimum) árið 2002 í um 4.000 (með um 40.000 meðlimum) árið 2003. (EU Organised Crime Report 2003, bls. 8).

Viðteknar hugmyndir um hefðbundna valdauppbyggingu innan skipulagðra glæpasamtaka er nú óðum að víkja fyrir nýju fyrirkomulagi. Stöðugt fleiri glæpahópar eru nú byggðir upp af afmörkuðum deildum með lauslega innbyrðis tengingu, sem er svo rofin reglulega. Valdapræðir eru ekki eins greinilegir og áður. Svo virðist sem í deildunum sé takmarkaður hópur lykilmanna sem mynda varanleg tengsl við meðlimi annarra deilda. Þetta hefur valdið löggæslustofnunum erfiðleikum þar sem erfitt hefur verið að sýna fram á tengsl deildar við tiltekin samtök, auk þess sem slíkar deildir eru auðveldlega leystar upp og nýjar stofnaðar. Á hinn bóginn er hin rótgróna tegund glæpasamtaka með afgerandi valdakerfi ennþá hið ráðandi form. Þá er eftirtektarvert að það eru mikil og vaxandi tengsl glæpasamtaka sýnileg milli heimsálfa, sem skýrist vafalaust af því hve samskipti og flutningar milli landa hafa aukist til muna. (EU Organised Crime Report 2003, bls. 8).

Glæpasamtök eru í auknum mæli farin að stunda fleiri en eina tegund brota. Þau skirrast ekki við að beita grófu ofbeldi, ógnunum og spillingu til þess að vernda ólögmat viðskipti sín. Þau sýna oft yfirgripsmikla þekkingu á aðferðum löggæslustofnana og nýta sér hana, m.a. með því að beita gagnúrræðum, gagnnjósnum og úthugsuðum aðferðum til peningabættis. Með þátttöku sinni í smygli á fólki, svívirða glæpamennirnir þá sem lítt mega sín og versla með mannlega eynd. Þeir nota svo öll lagaleg úrræði til þess að komast hjá saksókn í kjölfar handtöku (Home Secretary Statement on Organised Crime, 2004, bls. 1).

Skipulögð glæpasamtök í Evrópu hagnýta sér pólitíska og efnahagslega lausung í ríkjum í jaðri Evrópu eins og Úkraínu, Hvíta-Rússlandi og Rússlandi auk Eystrasaltslandanna. Einnig í Afríkuríkjum með landamæri sem afmarkast af Miðjarðarhafi. Það er oft í þágu glæpasamtaka að hamla pólitískum og efnahagslegum umbótum í þessum ríkjum og ríkjum Evrópusambandsins. Þó svo að glæpasamtök hótí ekki aðildarríkjum þess, seilast þau til áhrifa innan stjórnmalahreyfinga og hafa áhrif inn í samfélög og stofnanir, lögreglu þar með talda. (EU Organised Crime Report 2003, bls. 10). Því þurfa löggæslustofnanir alltaf að hafa varann á út á við líkt og inn á við, eins og fjallað er um í kafla þessarar skýrslu um innra eftirlit.

Tækniþróun sú sem orðið hefur síðasta áratuginn hefur haft grundvallaráhrif á samskipti fólks, ekki síst á fjármagnsflutninga. Glæpasamtök eru augljóslega meðal þeirra sem mest hagnast á tækninni og nýta hana út í æsar til fjarskipta, flutninga, skiplags og samskipta í netheimum. Einn þáttur þessa er möguleikinn á að búa sér til sýndartilveru á alnetinu. Þá hefur tölvu- og prentaratakni fleygt svo fram að glæpamenn geta auðveldar en nokkru sinni fyrr falsað skjöl af ýmsu tagi og jafnvel

peningaseðla. Peningafærslur ganga nú orðið mjög hratt fyrir sig og eftirlit með þeim verður stöðugt erfiðara. Farsímar gegna lykilhlutverki hjá glæpasamtökum nú á dögum. Í þá má fá fyrirframgreidd símakort, en einnig tíðkast stolin kort sem reglulega er skipt út o.fl. (EU Organised Crime Report 2003, bls. 12).

Skipulagðir glæpir í Evrópu og ógn sem af þeim stafar

Europol hefur tekið saman lista yfir fjölda skipulagðra glæpasamtaka sem starfa í Evrópu og er hann birtur í skýrslu Evrópusambandsins árið 2003 um skipulagða glæpastarfsemi. Þar kemur fram að þau glæpasamtök sem hafa mest ítök innan ríkja Evrópusambandsins, eru ennþá þau sem eiga þar uppruna sinn og aðsetur. Það kemur til af því að þau þekkja pólitíska, lagalega, efnahagslega og félagslega innviði. Það reynist löggæslunni erfitt að bera kennsl á þessi samtök vegna þess hve auðveldlega þau geta smogið inn í hagkerfið og samfélagið. Þessi samtök leita stöðugt meira sambanda útfyrir afmörkuð svæði og landamæri ríkja. Þá hafa verið borin kennsl á fjölmörg glæpasamtök sem ættuð eru frá Austur-Evrópu og víðar, sem starfa innan Evrópu. Þar má nefna nígerísk, marokkósk, kólumbísk, kínversk og víetnömsk samtök sem fást við mansal, smygl á fólki og fíkniefnum, auk annarra brota.

Skipulagðir glæpahópar innan Evrópusambandsins stunda einkum eftirfarandi brot:

Glæpir gegn einstaklingum

Ólöglegir flutningar fólks yfir landamæri er ein ábatasamasta iðja glæpasamtaka auk þess sem áhættan er lítil.

Verslun með fólk er stunduð innan flestra landa Evrópusambandsins og flest fórnarlömb hennar eru hneppt í nokkurs konar þrælahald þar sem þau eru þvinguð til þess að stunda vændi eða vinna í þágu kaupenda. Þetta fólk er þvingað, blekktt og svikið frá sínum heimahögum í þessu skyni, eða einfaldlega rænt.

Barnaklám er ein tegund glæpastarfsemi sem hefur fengið aukna dreifingu með tilkomu alnetsins. Dæmi eru um hundruð barna sem þolendur í einu máli, þar sem myndir skipta þúsundum og fjöldi manns kemur að framleiðslu og dreifingu mynda, og annarri glæpsamlegri háttsemi því tengt. Stærstu mál af þessu tagi teygja sig yfir mörg landamæri og kalla á víðtækt lögreglusamstarf og samræmdar aðgerðir.

Dreifing fíkniefna

Dreifing og sala fíkniefna er ein meginviðja glæpasamtaka í Evrópu, með dyggri hjálp alþjóðlegs nets sem þróað hefur verið í því skyni af glæpahópum.

Heróín skapar mikil vandamál innan Evrópu og svo virðist sem innflutningur þess frá Afganistan sé að aukast á ný eftir lögð sem tengdist stríðsrekstrinum þar.

Kókaín kemur í miklum mæli frá Kólumbíu en efnið kemur að nokkru leyti inn frá Albaníu og Afríku, aðallega í gegnum Spán.

Tilbúin fíkniefni (e. synthetic drugs) eru í mikilli útbreiðslu og amfetamín kemur í mestum mæli frá Hollandi og Belgíu, auk afleiddra efna eins og e-taflna. Dreifingin nær til Evrópu allrar en einnig Bandaríkjanna. Teikn eru á lofti um að framleiðsla tilbúinna fíkniefna sé að færast út úr Evrópu. Þá er amfetamín og e-töflur framleidd í Eistlandi fyrir Norðurlandamarkaði. Hráefni til framleiðslunnar kemur frá Rússlandi, Hvíta-Rússlandi og Úkraínu. Pólland er jafnframt stór uppspretta tilbúinna fíkniefna.

Kannabis sem neytt er í löndum Evrópusambandsins, kemur aðallega frá Marokkó, eins og löngum áður.

Svefnlyfið rohypnol varð sumsstaðar mest áberandi lyfið í þeim flokki ólöglegra efna, yfirleitt smyglað frá Litháen.

Þá eru dæmi um að fikniefni séu notuð sem gjaldmiðill og hafa sendingar farið milli landa, meðal annars í skiptum fyrir aðrar tegundir fikniefna.

Efnahagsbrot og brot gegn eignarrétti

Svik af hverskyns tagi eru mikið stunduð af skipulögðum glæpasamtökum en vænta má aukningar í svikum sem leiða af Evrópusambandinu sem stofnun. Ætla má að styrkir sem sambandið veitir geti vakið áhuga glæpasamtaka. Innan einstakra aðildarríkja verður vart aukningar á svindli með styrki til húsaleigu, trygginga og heilbrigðismála. Þá eru stunduð viðamikil virðisaukaskattssvik, þannig að varningur er keyptur í aðildarlandi og seldur á lægra verði á svörtum markaði. Einnig er varningur keyptur án virðisaukaskatts og seldur grunlausum fórnarlömbum að viðbættum virðisaukaskatti. Þjófnaður persónuupplýsinga og greiðslukortasvindl fer vaxandi.

Fölsun gjaldmiðla er stundaður af stærri hópi glæpasamtaka en áður.

Peningaþvætti er grundvallarþáttur í glæpastarfsemi flestra skipulagðra glæpasamtaka. Þeim fleygir stöðugt fram í aðferðum sínum við að fela ólögmetan uppruna fjármuna sinna, oft með aðstoð fagmanna svo sem endurskoðenda og lögfræðinga sem geta látið líta út fyrir lögmætan uppruna. Margar aðferðir eru notaðar en sú algengasta er að nota fyrirtæki sem eru í löglegri starfsemi, örugga geymslustaði víða um heim (í löndum þar sem ekki er spurt um uppruna fjár þegar það er tekið til geymslu) og gjaldeyrisviðskiptastofnanir. Misnotkun löglegra fyrirtækja í þessu skyni er sérstaklega mikið vandamál, þar sem þau sjá glæpasamtökum að einhverju leyti fyrir löglegu fjármagni sem aftur er hægt að nota til að fjárfesta í ólöglegri starfsemi. Einnig veldur þetta róti á hinum löglega viðskiptamarkaði og skekkir samkeppni. Sú þróun er ný af nálinni að ólöglegu fjármagni er komið í lóg með eignakaupum í heimalandi glæpasamtakanna, hvort sem um er að ræða samtök sem eiga rætur utan eða innan Evrópu.

Skipulögðum ránum hefur fjölgað, svo sem á pósthúsum, ökutækjum fyrir verðmætaflutninga og bensínstöðvum. Að sama skapi hefur bankaránum fækkað. Með þessari þróun hefur fylgt aukning á ofbeldi við framkvæmd ránanna.

Hátækniglaupir verða áfram einna mest áberandi í framtíðinni, samhliða þróun rafrænna viðskipta og netvæðingu bankastofnana. Þeir tengjast náið greiðslukortasvindli og þjófnaði persónuauðkenna

Ólöglegir verðmætaflutningar

Smygl á neysluvöru er veigamikið í skipulagðri glæpastarfsemi, sérstaklega smygl á sigarettum og áfengi. Norðurlöndin og Bretland eru sérstaklega opin fyrir þessari starfsemi vegna hárrar skattlagningar á þessa vöru. Það eru fyrst og fremst brotamenn frá Eystrasaltsríkjunum sem þetta stunda, auk þess sem m.a. víetnamskir hópar eru afkastamiklir smyglarar. Gert er ráð fyrir aukningu þessara brota í framtíðinni því ágóðavon er mikil en áhætta lítil. Smygl á neysluvörum er tekjulind fyrir glæpasamtök sem auðveldar þeim að stunda aðra glæpastarfsemi.

Ólögleg dreifing skotvopna er ekki viðtæk né getur hún talist til aðalstarfsemi nokkurra glæpasamtaka. Þó má gera ráð fyrir aukningu hér á, vegna vaxandi ofbeldis. Austur-Evrópa er ein meginuppspretta ólöglegra skotvopna, sem kemur heim við þá glæpahópa sem mest stunda þessa iðju.

Ökutækjastuldir fara vaxandi og auðveldara að stunda þá og koma ökutækjum milli landa með dvínandi eftirliti. Ýmsar aðferðir eru notaðar við þjófnaði og flutning milli landa. Eðli málsins samkvæmt, er framkvæmd þessara glæpa erfiðari á Íslandi en á meginlandinu, að frátöldum nytjastuldi.

Umhverfisglæpir eru ein tegund glæpa sem gefa góða von um ávinning með lítilli áhættu. Meðal brota af þessu tagi eru smygl á plöntum og dýrategundum í útrýmingarhættu. Tenging við skipulögð glæpasamtök er flókin, þar sem auðvelt er að lauma viðfanginu í farangur grunlausra ferðamanna eða fá þá til þátttöku í smyglinu. Ólöglegt förgun úrgangs er einkum vandamál á Ítalíu þó hún þekkist líka í öðrum löndum.

Mótorhjólagerði

Skipulögð glæpagengi sem kennd eru við mótorhjól, stunda fyrst og fremst dreifingu fíkniefna (aðallega kókaíns og amfetamíns) en eru líka umsvifamikil í verslun með ólögleg skotvopn, peningabætti, rafrænum afbrotum, verslun með fólk, leigumorðum fjárvikum og fjárkúgun. (Europól, Annual Report 2002, bls. 9).

Í Danmörku eru tvö öflug glæpagengi kennd við mótorhjól. Þau eru Bandidos og Hells Angels. Þessi tvö gengi samanstóðu í nóvember 2003 af 321 einstaklingi. Auk þess áætlað danska lögreglan að um 700 einstaklingar tengist þessum samtökum. Af þessum samtals um 1.000 einstaklingum voru á árinu 2003 að staðaldri um 150 manns í afplánun í fangelsum vegna dóma eða í gæsluvarðhaldi (Rigspolitichefen, 2003, bls. 1-2).

Nýlega var forseti HA-deildarinnar í Árhús í Danmörku, Jimmy Nissen, dæmdur til fimm mánaða fangelsisvistar og greiðslu 750.000 DKR sektar vegna vantalingar skatttekna að upphæð 1.300.000 DKR á fimm ára tímabili. Lögregla, tolla- og skattayfirvöld rannsökuðu brot Nissens í sameiningu án þess að tækist að sýna fram á hvaðan hinar vantöldu tekjur komu (www.bt.dk, 9. mars 2004). Í þessu sambandi má nefna að haft er eftir yfirmanni í Kaupmannahafnarlögreglunni í Jyllands-Posten að vegna efnahagsbrota sé lögregla í nánú samstarfi við stofnanir eins og tollayfirvöld, skattayfirvöld og banka (www.jp.dk, 4. mars 2004) þó svo að BT hafi það eftir Ritzau fréttastofnunni í netútgáfu sinni 2. mars 2004 að aukið samstarf þessara aðila komi ekki í veg fyrir mikla aukningu í efnahagsbrotum.

Norsk lögregluayfirvöld hafa gert áætlun um aðgerðir gegn þarlandum mótorhjólagerðum til ársins 2008. Þau setja sér markmið um að a) fækka starfandi mótorhjólaklúbbum, b) hindra nýliðun í klúbbunum, c) hindra stofnun nýrra klúbba. Lögreglan er um þessar mundir að vinna drög að handbók um mótorhjólagerði (Forslag til MC-håndbok). Í fimmta kafla þeirrar handbókar er fjallað um fyrirbyggjandi aðgerðir gegn glæpastarfsemi slíkra gengja, og lögð áhersla á innra og ytra samstarf. Með innra samstarfi er átt við áherslu á upplýsingaflæði innan lögregluembættis og ytra samstarf vísar til þverfaglegrar samvinnu. Liður í þessu er að þegar lögregla fær vitneskju um að mótorhjólagerði sé að verða til, sé samstarfsaðilum gert aðvart. Það eru fáar formlegar hindranir í veginum fyrir því að lögreglan upplýsi samstarfsaðila sína um slíkt. Þvert á móti er það sérlega mikilvægt að þeir aðilar fari af stað með sín úrræði. Upplýsingamiðlun þarf ekki að taka til einstaklinga en getur falið í sér almennar staðreyndir sem lögreglan hefur tiltækar. Einnig má koma slíkum upplýsingum til almennings í gegnum fjölmiðla. Þetta forvarnasjónarmið beinist að því að grípa inn í vandamál svo fljótt sem verða má og

hindra nýmyndun mótorhjólageringa. Með því má líka aðvara ungt fólk sem kemst í kynni við glæpasamtök á skemmtunum eða eftir öðrum leiðum, þegar hið þverfaglega samstarf er við lýði. (Politidirektoratet, 2004, kafli 5).

Nágrannar klúbbhúsa mótorhjólageringa geta reynst lögreglu hinn besti stuðningur. Spyrja má þá um afstöðu sína til klúbbhúsanna og fá þannig fram utanaðkomandi álit sem hefur áhrif á almenningsálitið. Nágrannarnir geta líka gefið upplýsingar um starfsemina og jafnvel látið í té sjónpósta (staður þaðan sem lögregla getur fylgst með tiltekinni atburðarás úr leyni). Klúbbhúsin hafa mikla þýðingu fyrir mótorhjólageringin. Þau eru samkomustaðir og þar búa jafnvel meðlimir og gestir þeirra. Í húsunum halda þeir fundi sína og veislur. Klúbbhúsin eru oft rammgirt vígi með eftirlitsmyndavélum og þokkalega „lögregluheld“. Oft eru þau geymslustaðir fyrir fíkniefni, vopn og þýfi. Skotvopn hafa nokkrum sinnum verið haldlögð í Danmörku við húsrannsóknir hjá klúbbunum. Iðulega er nýting hússins á skjön við þá starfsemi sem heimild er fyrir. Því liggur beint við að hafa samband við stofnanir viðkomandi sveitarfélags í því skyni að hindra uppsetningu klúbbhúss, út frá skipulags- og byggingarreglum o.þ.h. Ef ekki tekst að koma í veg fyrir myndun klúbbhúss með því móti, má beita reglum til þess að krefjast ýmissa úrbóta í samræmi við reglur. Þær úrbætur geta þurft að gerast fyrir tilvernað dýrs vinnuafns iðnaðarmanna og með öðrum dýrum úrræðum sem verða klúbbunum ofviða. Þá þarf lögregla að fylgja því fast eftir ef brotið er gegn ákvæðum annarra laga og reglna, svo sem vegna óskoðaðra og ónýtra ökutækja fyrir utan klúbbhúsið. Ennfremur þarf viðkomandi sveitarfélag að vera við því búið að mótorhjólageringi sækji um fjárstyrk eða sækist eftir að leigja hús í eigu sveitarfélagsins á grundvelli starfrækslu sinnar á félagsstarfi. Lögreglan í Danmörku hefur iðulega lagt til atlögu við aðsetur mótorhjólageringjanna ein og sér eða í samstarfi við önnur þar til bær yfirvöld, sem hefur leitt af sér kærur vegna brota á reglugerðum um brunavarnir og byggingar. (Politidirektoratet, 2004, kafli 5 / Rigspolitichefen, 2003).

Lögreglan ætti að verða sér úti um teikningar af húsnæði gengjanna m.t.t. mögulegrar innfarar. Þ.á.m. þarf að hafa yfirsýn um rafkerfi og lagnakerfi húsanna. Lögreglan þarf að vita við hvern á að hafa samband ef taka þarf rafmagn af eða loka fyrir frárennsli. Þá þarf lögreglan að gera sér grein fyrir því hvar leynirými geta verið og mögulegar flóttaleiðir úr húsnæðinu, ásamt því að vera meðvituð um viðvörunar- og eftirlitskerfi. (Politidirektoratet, 2004).

Þær ábendingar sem nefndar eru í þessari skýrslu og varða mótorhjólageringi, eiga m.a. við á Íslandi. Ef ekki reynist unnt að banna starfsemi tiltekinna félagasamtaka með lögum, eru þarna úrræði sem reynst hafa nágrannaþjóðum okkar vel. Reyndar hafa sum þeirra verið notuð af íslenskri lögreglu um langt árabil. Þar má sérstaklega nefna gott og mikið samstarf við vammlausu mótorhjólaklúbba, þátttöku í hópakstri og sýningum, aðstoð og leiðbeiningar vegna móta o.þ.h. Ágæt og jákvæð upplýsingamiðlun hefur þar skilað sér á báða bóga. Allar löglegar aðgerðir sem lúta að eftirliti með aðsetri, ökutækjum og meðlimum mótorhjólageringa eru mjög áhrifaríkar, í samvinnu við stofnanir eins og Umferðarstofu, skoðunarstöðvar, stofnanir sveitarfélaga m.t.t. reglna um nýtingu húsnæðis, brunavarna, byggingareglna o.þ.h.

Samræmingarráð yfirvalda í Noregi

Ráð (Rådet for samordnet bekjempelse av organisert kriminalitet, skammstafað ROK)

var stofnað í Noregi árið 2000 til þess að samræma aðgerðir gegn skipulagðri glæpastarfsemi. Tilgangur þess er að auka samstarf og samnýtingu lögregluembættanna.

Afbrot sem ráðið á einkum að leggja áherslu á eru:

- Alvarleg fíkniefnabrot.
- Umfangsmikið smygl á áfengi og tóbaki ásamt viðskiptum.
- Umfangsmikil og/eða skipulögð rán.
- Umfangsmikið smygl á fólki.
- Umfangsmikil og skipulögð auðgunar- og hagnaðarbrot.
- Önnur mál sem ríkissaksóknarinn eða lögreglustjórar ákveða.

Þeir sem eiga fulltrúa í ráðinu eru ríkislögreglustjóri, Kripos, Økokrim, lögreglan í Oslo, Nord-Trøndelag og ríkissaksóknarinn í Oslo. Kripos veitir aðstoð við upplýsingagreiningu, alþjóðasamstarf og samræmingu. Þrátt fyrir stækkun lögsagnaumdæma er enn þörf fyrir slíka aðstoð.

Lögregluembætti geta sótt um fjárstyrk til tiltekinna verkefna, að gefinni nákvæmri lýsingu. Þegar sótt er um styrk skuldbindur lögreglustjóri sig til þess að láta verkefnið hafa forgang, bæði varðandi fjárveitingar og mannafla. Samræma vinnuna innan og milli lögregluembættanna. Ef mörg lögregluembætti taka þátt í verkefni þarf eitt embættið að stýra því. Nýta verður allar mögulegar rannsóknaraðferðir.

Einstök verkefni árið 2002 vörðuðu mótörhólagengi, fíkniefnabrot, smygl á fólki, áfengi og tóbaki. Einnig stórfellda bifreiðapjófnaði og peningaþvætti. Mörg málin voru með tengsl erlendis.

Vegna rannsóknar á áfengissmygli í Noregi, sem tengdist Spáni hófu spönsk yfirvöld hleranir. Hæstiréttur Noregs staðfesti að nota mætti þessar hleranir, sem sönnunargögn í Noregi, þrátt fyrir að sakarefnið veitti ekki heimild til hlerana í Noregi. Þetta hefur mikið fordæmisgildi í fjölþjóðasamstarfi. (Politidirektoratet, *ROK - Ársrapport 2002*).

Úrræði tollgæslu

Starfsemi mótörhólagengja er alþjóðleg sem gerir samstarf við tollgæslu nauðsynlegt. Tollgæsla verður að hafa umsjón með vöruflutningum til og frá landinu. Heimildir tollgæslu til aðgerða eru mikilvægar vegna vöruflutninga mótörhólagengjanna, þ.á.m. eru heimildir til:

- Handtöku / kyrrsetningar einstaklinga
- Lokun vettvangs
- Kyrrsetning varnings
- Kyrrsetning flutningstækja

Þar að auki býr tollgæslan yfir ómetanlegum gagnabönkum og skráasöfnum.

Fangelsismál

Það er alþekkt frá erlendum fangelsum að meðlimir gengjanna hafa orðið allsráðandi innan múranna. Í Danmörku hefur þurft að huga sérstaklega að meðlimum mótörhjólagera sem dæmdir eru til fangelsisvistar. Dagblaðið Berlingske Tidende segir t.d. frá því á vefsíðu sinni 2. mars 2004 (www.bt.dk) að dönsk dómsmálayfirvöld hyggist grípa til ráðstafana gegn ofurvaldi meðlima mótörhjólagera innan danskra fangelsa. Taka á sérstakan hluta fangelsisins á „Köbenhavns Politigård“ undir þá og auðvelda beitingu agaviðurlaga gegn þeim, samkvæmt fréttinni.

Veitingastaðir

Það er þekkt að mótörhjólagera eru eigendur að rekstri og / eða húsnæði veitingahúsa. Einnig hafa þau haft tilhneigingu til að gerast fastagestir og „leggja staðinn undir sig“ með framkomu sinni gagnvart veitingafólki og öðrum gestum.

Handhafar vopna

Í drögum að hinni norsku „MC-håndbok“ er stuttur kafli um ásókn mótörhjólagera í öflug vopn, þar sem vopnageymslur norska hersins eru sagðar sérlega áhugaverðar fyrir þau. Hér má e.t.v. staðfæra þetta og líta til vopnageymslna lögreglu, Landhelgisgæslunnar, sprengiefnageymslna, söluaðila skotvopna o.þ.h.

Tryggingafélög

Tryggingafélög hafa hin síðari ár lagt lið baráttunni gegn starfsemi mótörhjólagera. Tryggingar eru í aðaldráttum tvíþættar; annarsvegar tryggingar meðlima á eigin mótörhjólum og hinsvegar tryggingar klúbbanna á fasteignum, innbúi og lausafé. Hvað varðar hið fyrnefnda geta tryggingafélögin lítið gert til að koma sér undan tryggingum, þar sem tryggingataki er ekki spurður þegar hann tryggir ökutæki sitt hvort hann sé meðlimur mótörhjólageris. Öðru máli gegnir um klúbbana sem tryggingataka og félögin taka jafnvel opinbera afstöðu gegn því að tryggja klúbba sem eru kunnir að afbrotum. Annað úrræði tryggingafélaga felst í háum iðgjöldum og hári sjálfsábyrgð út frá áhættumati.

Yfirvöld umferðarmála

Mótörhjólunum getur hæglega verið breytt og þau endurbyggð þannig að þau uppfylli ekki ákvæði laga og reglna, og þar með ekki skilyrði fyrir skráningu og skoðun. Þá má beita ástands- og skyndiskoðunum vegna búnaðar. Hér má t.d. nefna athugun á verksmiðjunúmeri og framleiðsluári, til að kanna hvort eitthvað afbrot hafi verið framið í sambandi við það.

Dönsk umferðarlögregla hefur verið iðin við að hafa afskipti af meðlimum gengjanna vegna ástands ökutækja þeirra og brota á umferðarreglum. Þetta er gjarnan gert í tengslum við hópreið gengjanna þegar farið er til þátttöku í viðburðum s.s. útihátíðum. (Rigspolitichefen 2003, bls. 4).

Vammlausir mótörhjólaklúbbar

Það er lögreglunni nauðsynlegt að halda góðu sambandi við þá mótörhjólaklúbba sem ekki teljast til glæpasamtaka. Með góðum tengslum tekst lögreglunni að vinna gegn slíkri þróun og afla gagnlegra upplýsinga ásamt því að miðla upplýsingum sem haft geta fyrirbyggjandi áhrif.

Það er mikilsvert að lögreglan geti komið að málum þegar skipulögð eru mót mótörhjólamanna, fengið upplýsingar hjá skipuleggjendum ásamt því að ráðleggja um gæslu og umferð inni á mótsvæðinu. Það treystir sambandið við vammlausu klúbba ásamt því um leið að hafa glæpagengin í auglýsingu.

Löggjöf og úrræði nágrannapjóða

Mörg ríki hafa sem kunnugt er nýverið breytt sinni löggjöf til að veita lögreglu og dómstólum frekari vopn í baráttunni gegn skipulagðri glæpastarfsemi. Meðal þessara ríkja eru Danmörk, Svíþjóð, Þýskaland og Kanada. Breytingarnar eru í flestum tilfellum mjög viðamiklar enda þarf á sumum sviðum nýja hugsun til að ná árangri í þessari baráttu.

Danmörk

Hinn 10. júní 2003 tóku gildi í Danmörku lög nr. 436 þess árs um breytingar á hegningar- og réttarfarslögum. Með þeim öðlaðist lögreglan takmarkaða heimild til að nýta sér óbreytta borgara sem tálbeitu ásamt því að fá heimild til að halda nafnleynd á þeim, reglum um vitnavernd var breytt, heimildir lögreglu voru rýmkaðar m.a. varðandi símahlerun, rannsókn rafrænna gagna og fleira. Tilgangur þessara breytinga var sá að gera lögreglu kleift að bæta rannsóknargetu sína með hliðsjón af stórfelldum og víðtækum brotum sem falla undir skipulagða glæpastarfsemi, og vegna upplýsinga um aukna glæpastarfsemi mótörhjólagengja. (Folketinget, 2003). Dönsk yfirvöld hafa ekki treyst sér til þess að banna eða leysa upp starfsemi samtaka sem þau telja hvetja til ólöglegra athafna. Dómsmálaráðuneyti landsins féll frá slíkum aðgerðum gegn íslömskum öfgasamtökum, Hizb ut-Tahrir um miðjan janúar 2004, að fengnu álitu ríkissaksóknara. Áður höfðu þingmenn Dansk Folkeparti lagt það til að þingið tæki ákvörðun um að samtökin yrðu leyst upp, eftir að þau sendu út dreifimiða í Kaupmannahöfn með áskorun um dráp á gyðingum. Undirréttur dæmdi ábyrgðarmann dreifimiðans til 60 daga skilorðsbundinnar fangelsisvistar, sem var síðar staðfest af Eystri-Landsrétti. Dómsmálaráðuneytið ákvað að ríkissaksóknari kannaði mál til þess að fá samtökin leyst upp á grundvelli 2. mgr. 78. gr. stjórnarskrár Danmerkur. Þar er kveðið á um heimild til slíks gagnvart félagi sem talið er nái eða ætli að ná markmiðum sínum með ólöglegum hætti. Kveðið er á um félagafrelsi í 1. mgr. sömu greinar stjórnarskrárinnar. Niðurstaða ríkissaksóknara byggist á því að ekki hafi verið færð sönnun fyrir því að Hizb ut-Tahrir hafi ólögleg markmið eða hafi reynt að ná markmiðum sínum með ofbeldi, eða öðrum ólöglegum hætti. (Justitsministeriet, 2004). Sami félagsskapur var starfandi í Þýskalandi en þar var lagt bann við starfsemi hans með lagaheimild.

Þýskaland

Hinn 11. desember árið 2000 var starfsemi deildar Hells Angels í Düsseldorf í Þýskalandi bönnuð með úrskurði innanríkisráðuneytis héraðsins Nordrhein-Westphalen, á grundvelli félagalaga. Sérhver starfsemi félagsins var bönnuð ásamt myndun samtaka sem koma myndi í stað þess, lagt var bann við notkun hvers kyns einkenna og tákna félagsins, auk þess sem lagt var hald á eignir deildarinnar. Til grundvallar banni voru félagssamþykktir klúbbdeildarinnar en með þeim gengust meðlimir undir þá kvöð að lifa lífi sínu utan reglna hins borgaralega samfélags og afneita grundvallargildum þess að því er varðar lög og reglur. Þá var meðlimum gert að eignast skotvopn og í því skyni var m.a. rekin verslun innan klúbbsins með ólögleg

skotvopn. Einnig var umtalsverð glæpastarfsemi rakin til meðlima klúbbsins. Engin vægari aðgerð en fullt bann við starfsemi og því að bera nokkur einkenni hennar, var talin duga til að uppræta hana. Þ.e. ekki var talið duga að banna tiltekna þætti starfseminnar og það var talið varða almannahagsmuni að upplausn félagsskaparins færi fram án tafar eftir birtingu úrskurðarins. (Innanríkisráðuneyti fylkisins Nordrhein-Westfalen, 2000).

Kanada

Árið 2001 setti þjóðþing Kanada lög sem bera heitið „Bill C-24“ og skyldu þau styrkja löggæslustofnanir í baráttu þeirra gegn skipulagðri glæpastarfsemi. Hin nýja löggjöf skilgreindi þrjár nýjar tegundir afbrota og lagði á þungar refsingar við þátttöku í skipulegri glæpastarfsemi. Með löggjöfinni var bætt vernd gagnvart þeim sem starfa að rannsókn og saksókn slíkra brota. Skilgreining á hugtakinu glæpasamtök var einfölduð. (RCMP Gazette 2002, bls. 19-22).

Frumvarp C-24 breytti hegningarlögunum á þann veg að:

- gera þrjú ný brot refsiverð og þyngja refsingar vegna ýmissar refsiverðrar háttsemi sem tengist þátttöku í skipulögðum glæpasamtökum;
- auka vernd aðila innan réttarvörslukerfisins gegn ógnunum og hótunum gagnvart þeim og fjölskyldum þeirra;
- einfölduð var skilgreining á hugtakinu „skipulögð glæpasamtök“;
- auknar voru heimildir réttarkerfisins til að haldleggja/gera upptækan ábata vegna glæps og ágóða af starfsemi skipulagðra glæpasamtaka og til að haldleggja/gera upptækar eignir sem notaðar hafa verið við framkvæmd glæps; og
- kveðið var á um reglur sem heimiluðu lögreglumönnum ýmsar aðgerðir við rannsókn sakamála, sem annars teldust refsiverðar.

Þessi þrjú nýju brot, sem getið er um hér að ofan, miða að því að gera ýmiss konar þátttöku í starfsemi skipulagðra glæpasamtaka refsiverða án þess þó að það eitt að vera meðlimur í slíkum samtökum teljist vera refsivert.

Löggjöfin beinist að sérhverjum, sem:

- tekur þátt í eða leggur lið aðgerðum, sem gera skipulögðum glæpasamtökum kleift að ná glæpsamlegum markmiðum sínum. Það brot getur t.d. náð til aðila, sem ræður eða fær aðra til liðs við slík samtök eða stuðlar að ólöglegum viðskiptum þeirra. Hámarksrefsing fyrir slíkt brot er fimm ára fangelsi;
- tekur þátt í refsiverðri háttsemi til ábata fyrir skipulögð glæpasamtök. Fólk sem sækist eftir aðild að glæpsamlegum samtökum fremur oft fjölda glæpa fyrir samtökin. Hámarksrefsing fyrir slíkt brot er 14 ára fangelsi; og
- er leiðtogi skipulagðra glæpasamtaka. Þar með telst hver sá innan samtakanna, sem gefur öðrum aðila fyrirmæli um að taka þátt í glæpsamlegu athæfi. Hámarksrefsing fyrir slíkt brot er ævilangt fangelsi.

Ólíkt því er varðar aðrar tegundir hegningarlagaákvæða, sem gera brotamönnum að afplána einungis einn þriðja af refsingu sinni áður en þeim heimilast að sækja um reynslulausn, verða brotamenn, sem dæmdir eru fyrir þessi „brot skipulagðra

glæpasamtaka“, að afplána að minnsta kosti helming dóms síns áður en þeim er heimilt að sækja um reynslulausn, nema dómstóllinn ákveði annað. (Dómsmálaráðuneytið í Kanada, 2004).

Bretland

Fyrir dyrum er sameining nokkurra löggæslustofnana í Bretlandi (NCIS og NCS ásamt hluta tollgæslu og INDIS). National Criminal Intelligence Service (NCIS) verður í burðarhlutverki við myndun hinnar nýju stofnunar vegna hlutverks síns og áherslu í gegnum tíðina á upplýsingaöflun og -miðlun í baráttunni við skipulagða glæpi. Hin nýja stofnun hefur grundvallarhlutverk innan löggæslunnar sem upplýsingamiðuð (Intelligence-led). Brot sem varða opinber gjöld verða undanþegin starfsemi hennar og er spyrnt saman við brot sem skattayfirvöld rannsaka. Innan hinnar nýju stofnunar verða rannsóknarar og starfsmenn af fjölda sviða opinbers eftirlits og löggæslu. (Home Office 2004, bls. 3).

Að baki stofnuninni býr að nokkru leyti ný hugsun á breska vísu a.m.k. Komið hefur upp hugmyndin um starfsheitið „agent“, sem e.t.v. má segja að vísi til skyldra stofnana í Bandaríkjunum. Segja má að þessi þróun verklags í átt til starfsemi öryggisstofnunar sé mjög rökrétt í ljósi þess hve margt er orðið líkt með uppbyggingu og skipulagi hryðjuverkasamtaka og annarra glæpasamtaka, eins og nánar er vikið að hér aftar.

Önnur grónari stofnun er „Security Service“ (MI5). Hún er „upplýsingamiðuð“ á sama hátt og hinni nýju löggæslustofnun er ætlað að verða, en starfar á sviði þjóðaröryggis. Starf MI5 einskorðast að mestu við hryðjuverkaógnina, njósnir og útbreiðslu geryðingarvopna. Árið 2002 tók kona að nafni Eliza Manningham-Buller við stjórn MI5, eftir að hafa starfað hjá stofnuninni frá árinu 1974. Manningham-Buller hefur haldið því fram að það sé aðeins tímaspursmál hvenær hryðjuverkaárás verði gerð með „óhreinum“ sprengjum, eiturefnum eða á líkan hátt. Í ræðu sem Manningham-Buller hélt árið 2003 og hefur verið gefin út, segir hún að starf MI5 eigi að vera opið gagnvart almenningi vegna þess að almenningur reiði sig á störf og árangur stofnunarinnar, auk þess að veita henni mikilvægt samstarf og stuðning. Almenningur þarf einnig á upplýsingum að halda, sem frá stofnuninni koma. Á hinn bóginn þurfi upplýsingar sem varða smáatriði í starfsemi stofnunarinnar að vera á huldu gagnvart öðrum en starfsmönnum hennar. Upplýsingar gegnum hryðjuverkastarfsemi fást með hlerun samskipta milli hryðjuverkamanna og stuðningsmanna þeirra, og frá uppljóstrurum. Einnig koma gagnlegar upplýsingar frá almenningi auk þess sem yfirlýsingar hryðjuverkamanna sjálfrá koma að notum við að raða saman heildstæðri mynd af ráðagerðum þeirra. MI5 er í tengslum við sambærilegar stofnanir í meira en 100 löndum og þær miðla upplýsingum sín á milli. Þegar allt er saman dregið liggur fyrir gríðarlegt magn upplýsinga á hverjum tíma, sem bæði þarf að meta að gæðum og einnig að túlka. Það er gert út frá spurningunni: Er árás yfirvofandi og hvenær? Einnig: Hvaða starfsemi er það sem gögnin vísa til og á hvaða viðbrögð kallar hún?

Það er ljóst af gögnum að þau hryðjuverkasamtök sem mest láta að sér kveða gegn vestrænum hagsmunum nú á dögum eru ekki af sama tagi og þau samtök sem áður voru virkust innan Vesturlanda, s.s. IRA. Uppbygging og skipulag samtakanna er allt annað og ekki með alþekktum píramíastrúktúr. Sem dæmi að nefna, er Al-Qaida sem

samtök byggt upp af hópum sem hafa tiltekið skipulag og örugg tengsl inn á við en tenging milli hópa er mun vandséðari. Með því móti reynist það yfirvöldum miklu erfiðara að ráðast gegn samtökunum sem slíkum, þó takast megi að höggva nærri einstökum sellum eða ráðast gegn fyrirætlunum þeirra. Þetta skipulag samtakanna er mjög í sama anda og farið er að verða áberandi meðal annarra glæpasamtaka, og tíundað er á öðrum stað hér í skýrslunni.

Skipulögð glæpastarfsemi á Íslandi

Segja má að til þessa hafi lítt borið á skipulögðum glæpum á Íslandi. Þó hafa þeir vissulega verið til staðar í einhverjum mæli og fara trúlega vaxandi. Engin greining hefur verið gerð á umfangi skipulagðrar og fjölþjóðlegrar glæpastarfsemi á Íslandi en ljóst er af eftirfarandi upptalningu að ýmis teikn eru á lofti.

Helstu flokkar brota

Dreifing fíkniefna

Innflutningur, dreifing og sala fíkniefna er orðin með mjög skipulegum hætti, mun meira en nokkru sinni áður. Dæmi um samstarf Íslendinga við erlenda brotamenn liggja fyrir. Eftir miklu er að slægjast því að þrátt fyrir smæð markaðarins er hér almenn velsæld og verð fíkniefna hátt.

Á þeim tíma sem þessi skýrsla er rituð, er beðið ákæru í sakamáli sem ber einkenni skipulagðrar og alþjóðlegrar glæpastarfsemi, þar sem kemur fyrir a.m.k. ein tegund brots og mögulega fleiri, sem falla undir þá skilgreiningu.

Hér er um að ræða atvik, þegar lík fannst í höfninni í Neskaupstað í febrúarmánuði 2004. Í iðrum þess fannst umtalsvert magn fíkniefna og á líkinu voru stungusár eftir eggvopn. Þrír einstaklingar frá tveimur þjóðlöndum hafa verið ákærðir í málinu. Fíkniefnin voru í því magni að telja má vist að sala á þeim hérlendis hafi verið fyrirhuguð og því ljóst að ágóða af sölunni hefði þurft að koma ólöglega í umferð.

Fljótlegt væri að telja upp allmörg fleiri dæmi sem sýna það svart á hvítu að Ísland er síst undanskilið hvað varðar skipulagða glæpastarfsemi. Það sem e.t.v. stendur upp úr sem yfirvofandi ógn er áhugi mótörhólagengja á því að ná fótfestu hérlendis. Ógnin er raunveruleg og af henni stafar veruleg hættu eins og nágrannaþjóðir okkar hafa fengið að kynna. Því er í þessari skýrslu lögð talsverð áhersla á þá tegund glæpasamtaka og varnir gegn starfsemi þeirra.

Brot á skattalögum og önnur efnahagsbrot

Þetta er margþættur brotaflokkur og brotin ekki síst á sviði virðisaukaskatts. Þau brot eru gjarnan mjög vel skipulögð og nema háum fjárhæðum. Fölsun er algeng í tengslum við fjársvik og er framin af skipulögðum hópum, jafnt sem einstaklingum.

Peningaþvætti

Peningaþvætti hlýtur að tengjast hinum umsvifamikla fíkniefnamarkaði, þar sem koma verður ágóða af fíkniefnasölu í umferð með einhverju móti. Önnur fjármunabrot, svo sem falsanir, greiðslukortasvik og misnotkun persónuupplýsinga til svika eru algengt form skipulegrar glæpastarfsemi.

Mansal

Mansal og ólöglegur innflutningur fólks er hvort tveggja ábatasöm starfsemi og umræður um hið fyrrnefnda hafa komið upp á Íslandi, sérstaklega í tengslum við nektardans á veitingastöðum. Mansal felur það í sér að fólki er ráðstafað eins og eign rekstraraðila og hefur ekkert að segja yfir eigin vinnuafli, líkama né afkomu og velferð. Þær aðferðir sem fólk er beitt við mansal eru t.a.m. blekkingar, hótanir og ofbeldi. Meiri áhersla er á þessa brotaflokk innan Evrópusambandsins, þ.e. brot gegn einstaklingum frekar en fíkniefna- og fjármunabrot. Enda er álitid að mansal sé sú tegund skipulagðrar, alþjóðlegrar glæpastarfsemi sem sé í örustum vexti um þessar

mundir. Að mati alþjóðastofnana og samtaka sem berjast gegn þessari tegund brota, ganga allt að fjórum milljónum manna kaupum og sölum í heiminum á ári hverju. Á undanförunum misserum hefur borið á því að Ísland sé í einhverjum tilvikum viðkomuland í flutningi fólks í ánauð.

Hatursglæpir tengdir kynþáttafordómum

Unglingagengi sem þrífast á kynþáttahatri virðast vera að skjóta upp kollinum hér, a.m.k. visir að þeim samkvæmt reynslu síðustu missera í Reykjavík. Ofbeldi er víðast fylgifyskur kynþáttahaturs og sú hefur orðið raunin í átökum milli gengja hérlendis undanfarið. Þó að þessi málaflokkur myndi í dag ekki flokkast undir skipulagða glæpastarfsemi, kann að vera stutt í að hann þróist til þeirrar áttar ef gengi verði skipulagðari og ná fótfestu, auk þess sem verknaðir verði alvarlegri. Rétt er að lögregla, félagsmálayfirvöld og aðrir sem lagt geta málinu lið ráðist gegn vandanum, leitist við að kveða hann niður eða reyni a.m.k. að hindra vöxt hans með öllum ráðum. Um þessar mundir er samstarfshópur að vinna í málinu, skipaður fulltrúum lögreglu ásamt félagsþjónustu og fræðslumiðstöð í Reykjavík. Þessir aðilar hafa, sér til stuðnings, verið í tengslum við norrænar stofnanir af sama meiði, þar sem þessi vandi er grónari. Af hálfu lögreglu taka embætti ríkislögreglustjóra og lögreglustjórinn í Reykjavík þátt í verkefninu og er um tilraunaverkefni að ræða. Í ljósi reynslunnar verður síðan athugað með að koma upp samstarfshópum varðandi átök og óæskilegar hópmyndanir á landinu öllu.

Skipulagðir þjófnaðir og rán

Skipulagðir þjófnaðir verðmæta úr ökutækjum hafa viðgengist mörg undanfarin ár á höfuðborgarsvæðinu.

Í því samhengi eru athygliverðar þær fréttir sem berast frá Danmörku að á Norður-Jótlendi hafi glæpahópur frá Austur-Evrópu brotist inn í fleiri en 100 bíla á tveimur sólarhringum í marsbyrjun 2004. Þeir sækist eftir hljómflutningstækjum og öðrum verðmætum (BT, 2004).

Skipulögð rán í lánastofnunum og verslunum hafa færost í vöxt síðustu ár, og alvarlegri ógnunum er beitt. Komið hefur fram við yfirheyrslur í einhverjum tilvikum að ránin séu framin í því skyni að standa skil á fikniefnaskuldum.

Hið sama hefur gerst á Norðurlöndunum á síðustu árum; fjölgun stórra rána þar sem ofbeldi er beitt, eða hótun um beitingu þess. Þar er farið að bera á þátttöku útlendinga við afbrotin, meir en áður.

Spellvirki – hryðjuverk

Meiriháttar spellvirki hafa verið framin á Íslandi (m.a. af útlendingum) og gera verður ráð fyrir þeim möguleika að svo geti orðið í framtíðinni. Má í því sambandi minnst þess þegar hvalbátum var sökkt í Reykjavíkurböfn forðum eftir nákvæmri áætlun hóps manna. Hér getur ýmislegt orðið hvati til spellvirkja eða jafnvel hermdarverka.

Hvað varðar þátttöku Íslands í umdeildum fjölþjóða aðgerðum og / eða stuðning við er ekki hægt að útiloka að andstæðingar þeirra kunni að láta sér detta í hug að veita Íslendingum áminningu eða ráðningu með öfgaverkum. Ber á það að líta að meðal hryðjuverkasamtaka líkt og Al-Qaida er vandinn alþjóðlegur (birtar hafa verið ógnvekjandi tölur í fjölmiðlum um ætlaðan meðlimafjölda samtakanna og fjölda

þeirra landa sem þeir hafa hreiðrað um sig í á mörgum undanförunum árum). Mál sem tengjast alþjóðlegri hryðjuverkastarfsemi hafa staðið okkur nærri, þ.e.a.s. sprengjuhótanir í flugvélum en tvö slík tilvik hafa komið upp á Keflavíkurflugvelli síðustu misserin.

Embætti lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli hefur síðustu misseri verið að undirbúa þátttöku í upplýsingaverkefnum hjá NATO og á nú fulltrúa í sérstakri gagnjósnaðild (Allied Command Counterintelligence) við SHAPE (Supreme Headquarters Allied Power Europe) í Mons í Belgíu. Verkefnið felur í sér öflun og greiningu upplýsinga sem varða hryðjuverk og að hindra skemmdarverk á hermannamannvirkjum NATO ríkja, þ.á m. á Keflavíkurflugvelli. Einnig hefur deildin það hlutverk með höndum að efla upplýsingaflæði um öryggismál og gagnjósnaðir milli aðildarríkja NATO og að koma í veg fyrir að grafið sé undan efnahags-, hernaðar-, og pólitískum styrk NATO ríkja.

Að baki fjármögnun hryðjuverka liggur almennt skipulögð glæpastarfsemi og peningaþvætti. Barátta gegn annarri skipulagðri glæpastarfsemi og peningaþvætti er því liður í því að koma í veg fyrir hryðjuverk.

Annað

Ýmis brot geta á ýmsum tímum fallið undir skilgreininguna um skipulagða glæpastarfsemi. Því er það afar mikilvægt að skýrsla um skipulagða glæpastarfsemi sé lifandi plagg sem er í stöðugri endurskoðun (sjá tillögur hér aftar). Eftirtalin eru dæmi um brot af þessu tagi:

Tollsvik vegna innflutnings notaðra ökutækja. Komið hafa upp mál þar sem kaupnótur ökutækja eru falsaðar skipulega í því skyni að lækka tollverð ökutækjanna við innflutning þeirra til landsins.

Kvótasvik og brot á lögum um fiskveiðistjórnun. Kvóti hefur verið færður á ólögmetan hátt milli skipa og fiskvinnslustöðva, og gögn um verðmæti fölsuð.

Erlendir brotamenn á Íslandi

Á síðustu árum hefur nokkuð orðið vart við afbrot erlendra manna á Íslandi. Þar má nefna tíðari handtökur útlendinga vegna innflutnings fikniefna en áður þekktist. Þá hafa þjófagengi komið og látið greipar sópa. Nokkur dæmi um skipulagða og fjölþjóðlega glæpastarfsemi, þ.e. brot sem ná milli landa, eru:

Imbrot og þjófnaðir

Í febrúar 2003 voru fjórir Pólverjar dæmdir til fangelsisvistar en þeir höfðu ferðast um Suðurland og allt vestur á Snæfellsnes og brotist inn í sumarhús, sveitabæi og verslanir. Einn þeirra reyndist þekktur að afbrotum í nokkrum löndum og var eftirlýstur fyrir nauðgun, vopnasmygl o.fl. í Póllandi.

Rússneskir togarasjómenn

Eftirgrennslan lögreglunnar í Reykjavík árið 1993 staðfesti að einhverju leyti orðróm um að sjómenn af rússneskum togurum sem höfðu viðdvöl hérlandis á þeim tíma, höndluðu með smyglvarning, þ.á.m. skotvopn. (Júlíus Ó. Einarsson, 1993).

Skjalafals og fjársvik með erlendum tékkum

Fjársvik glæpamanna frá Nígeríu og Vestur-Afríku sem eru og hafa verið búsettir hér á landi. Þeir fengu íslenskar kennitölur og stofnuðu bankareikninga. Í framhaldi af því seldu þeir bönkum falsaða erlenda tékka upp á háar fjárhæðir, tóku síðan peningana út og komust með hluta af peningunum af landi brott. Nokkrir aðilar úr glæpahópnum störfuðu hér á landi en aðrir erlendis.

Fjársvik út úr banka í Belfast á N-Írlandi

Fjársvikin fóru fram með þeim hætti að falsaðar voru millifærslubeiðnir til bankans þar sem beðið var um að tiltekna fjárhæðir (um GBP 20.000 í hvert skipti) yrðu millifærðar inn á tiltekna bankareikninga á Íslandi á nöfnum erlendra manna sem hafa dvalið hér og áttu hér bankareikninga. Þessir menn voru síðan fengnir til þess að taka út peningana og leggja þá inn á aðra reikninga, sem annaðhvort voru á þeirra eigin nafni eða á nöfnum einhverra aðila sem þeim voru gefin upp. Eigendur bankareikningana fengu greitt fyrir þessa aðstoð við að rjúfa slóð peningana – þvo þá. Peningarnir voru síðan teknir út af reikningunum hér og megninu af þeim komið aftur út úr landinu í formi ferðatékka eða seðla.

Fjársvik með fölsuðum og stolnum kreditkortum

Þekkt dæmi eru um erlenda aðila sem hafa komið hingað til lands með fölsuð og / eða stolin kreditkort og tekist eða reynt að svíkja hér út bæði dýrar vörur og peninga.

Tilraunir til fjársvika með fölsuðum erlendum tékkum

Á síðastliðnum vetri voru handteknir hér á landi tveir menn sem höfðu fengið íslenskar kennitölur með því að framvísa fölsuðum skilríkum hjá utangarðsskrá Hagstofu Íslands. Einnig höfðu þeir fengið tvær ungar stúlkur til þess að skrá sig sem umboðsaðila hér á landi. Í framhaldi af því fóru þeir í bankana og kynntu sig sem fiskkaupmenn og stofnuðu bankareikninga. Þeir óskuðu eftir því að keyptir væru af þeim háir erlendir tékkar (EUR 75.000) og hærri og andvirði tékkanna yrði lagt inn á reikningana sem þeir höfðu stofnað. Þar sem það er orðin viðtekin venja hjá bönkunum hér á landi að kaupa ekki erlenda tékka nema af föstum viðskiptavinum, þá tókst þetta ekki hjá þessum mönnum. Tékkarnir voru teknir í innheimtu og báðir þessir menn handteknir. Hefði þeim hins vegar tekist þetta, hefði verið útilokað að finna þá þar sem þeir voru skráðir hér á landi á grundvelli falsaðra vegabréfa.

Mótorhjólagengin og aðgerðir gegn þeim

Mótorhjólagengi hafa reynt að seilast til áhrifa á Íslandi á undanförunum misserum. Þeim virðist vegna aðgerða lögreglu og tollgæslu hafa mistekist að ná fótfestu hér, enn sem komið er. Ásælnin er til staðar og innlendir tengiliðir líka. Starfsemin tekur jafnan til margra en tengdra brotaflokka, svo sem fíkniefnasölu, peningabættis, ofbeldis, hótana, ólöglegs vopnaburðar o.fl. Í tillögum hér aftar eru reifaðar hugmyndir til þess að úthýsa mótorhjólagengjum.

Fyrstu vísbendingar um tengsl Íslendinga við alþjóðleg mótorhjólagengi eru frá árinu 1996, en þá var fjallað um íslenska mótorhjóla klúbbinn Óskabörn Óðins MC í tímaritinu Scanbike, sem er gefið út af Hells Angels á Norðurlöndum. Sama ár var stofnaður klúbburinn Fafner MC Iceland og hefur hann verið í mestum tengslum við Hells Angels. Vitað er um að einstaklingar í Hells Angels á Norðurlöndum hafa heimsótt klúbbinn. Þegar upplýsingar bárust árið 2002 um að Fafner MC Iceland hefði sótt um að verða áhangendaklúbbur (e. hangaround) hjá Hells Angels og að 19

einstaklingar í þeim samtökum í Danmörku hygðust koma til landsins var tekin ákvörðun um að synja þeim um landgöngu. Frá þeim tíma hefur meðlimum fjögurra norskra klúbba verið synjað um landgöngu vegna sakaferils þeirra og tengsla við Hells Angels. Einn félagi í Fafner MC Iceland stofnaði Ýmir MC Iceland, sem hefur tengsl við Bandidos.

Auk nefndra klúbba hafa Íslendingar og íslensk fyrirtæki átt samskipti við alþjóðleg mótörhólagengi.

Ríkislögreglustjóri og ríkistollstjóri stofnuðu vinnuhóp lögreglu og tollgæslu árið 1999. Aðalmarkmið vinnuhópsins er að reyna að koma í veg fyrir að erlend mótörhólagengi, t.d. Hells Angels og Bandidos, nái fótfestu hérlendis. Til að ná þessu markmiði hefur vinnuhópurinn:

1. Aflað, metið og miðlað upplýsingum um mótörhólagengi.
2. Byggt upp samstarf hérlendis og erlendis.
3. Samið hættumat og tillögur um aðgerðir.
4. Framkvæmt samþykktar aðgerðir eftir þörfum.

Fyrsti fundur vinnuhópsins var haldinn 19. maí 1999 og fékk hann þá heitið „MG-vinnuhópurinn“, en MG stendur fyrir „MótörhjólaGengi“. Fyrst voru haldnir fundir til skiptist hjá þeim embættum, sem eiga fulltrúa í vinnuhópnum. Áður en fundir hófust fór fram kynning á starfsemi viðkomandi embættis. Með tímanum var lögð meiri áhersla á hraða upplýsingamiðlun. Auk þess að sinna mótörhólagengjum var vinnuhópnum falið að koma með tillögur um samstarf lögreglu og tollgæslu m.a. um aðgerðir gegn flutningi fíkniefna um ytri landamæri Schengen-svæðisins á árinu 2001 með skýrslu sem ber heitið *Samnýting heimilda*. Í tengslum við verkefnið er formaður hópsins í miklu samstarfi við lögregluþyriföld á Norðurlöndum og víðar.

Íslenskt lagaumhverfi

Bann við starfsemi tiltekinna samtaka eða félaga á Íslandi

Æskilegt er að geta skilgreint formleg félög eða samtök sem hafa glæpastarfsemi að meginviðfangsefni, sem glæpasamtök og lagt bann við starfsemi þeirra á íslenski grund. Með því mætti hindra að öflug, skipuleg glæpastarfsemi nái fótfestu hérlendis og ef unnt væri að banna tiltekinn félagsskap hér, myndi það létta mjög allt starf lögreglu og annarra gegn skipulögðum brotum auk þess að koma hugsanlega í veg fyrir verulega aukningu í tilteknum brotaflokkum svo sem dreifingu fíkniefna, mansali, peningabætti o.fl.

Með hvaða heimild?

Stjórnarskrá lýðveldisins kveður í 74. gr. á um félagafrelsi, þar sem segir að menn eigi rétt á að stofna félög í sérhverjum löglegum tilgangi, án þess að sótt sé um leyfi til þess. Félag má, skv. sömu grein ekki leysa upp með ákvörðun stjórnvalds, nema það sé talið hafa ólöglegan tilgang og er kveðið á um tafarlausa málshöfðun í kjölfarið. Af þessu má sjá að félagafrelsisákvæði stjórnarskrárinnar er ekki fortakslaust og verður að álykta að Alþingi geti með lagasetningu bannað stofnun tiltekins félagsskaps sem ekki er talinn hafa löglegan tilgang, ekki síður en að banna megi með stjórnvaldsákvörðun starfsemi samskonar félags.

Fordæmi eru fyrir annarri takmörkun á frelsi manna sem að öðru leyti er tryggt í mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar enda sambærilegir fyrirvarar settir í þeim greinum sem um þau fjalla. Þar má nefna hömlur á tjáningarfrelsi í tóbaksvarnalögum (6/2002) og hömlur á atvinnufrelsi með banni við því að hafa vandi sér til framfærslu samkvæmt hegningarlögum (19/1940) auk þess sem Alþingi hefur t.a.m. skert eignarrétt manna í almannabágu með heimild í 72. gr. stjórnarskrárinnar. Verður að ætla að sé litið til almannahagsmuna við skerðingu á þessum grundvallarréttindum manna, séu þeir ekki minnstir gagnvart þeirri ógn sem samfélaginu stendur af skipulagðri glæpastarfsemi og má þar vitna til þess sem sagt er í upphafi þessarar skýrslu um samfélagsleg áhrif slíkrar starfsemi.

Hver á að skilgreina glæpasamtök og hvernig?

Hvað varðar upplausn tiltekins félags sem þegar er starfandi, verður að ætla að ákvörðun um það verði að koma frá dómsmálaráðherra, þar sem um er að ræða túlkun ákvæða stjórnarskrárinnar og ekki rétt að fela slíkt lægra settu stjórnvaldi.

Mikilvægt er að kannaður verði hvort lagalegar forsendur séu fyrir hendi til að banna starfsemi alþjóðlegra mótorhjólagerja hérlendis, m.a. Hells Angels og Bandidos, þar með talin einkenni þeirra. Ástæðan er t.d. að nán samvinna og stuðningur, þ.m.t. fjárstuðningur, er á milli deilda t.d. Hells Angels. Þau sjónarmið hafa heyrst að slíkt bann skipti ekki máli vegna þess að deild hérlendis gæti starfað undir öðru heiti. Slíkt væri hins vegar andstætt starfsemi slíkra samtaka og Hells Angels myndi t.d. ekki njóta þeirrar sérstöðu sem fullgildar deildir njóta. Ennfremur er mikið metnaðarmál hjá einstaklingum í Hells Angels að geta borið einkenni sín og sú ímynd veldur oft ótta í samfélaginu.

Erfitt getur verið að skilgreina ólögmati tilgangs tiltekins félagsskapar og ljóst að svo íþyngjandi aðgerð sem bann við félagsstarfi verður að hafa þrönga lagatúlkun á bak við sig. En ef íslensk stjórnvöld treysta sér til að beita þeirri heimild sem stjórnarskráin gefur í þessu tilliti, ætti að vera auðvelt um vik gagnvart rötgrónum erlendum félagsskap eins og sumum mótörhjólagengjum sem eiga sér vel þekkta sögu um skipulagða og afar umsvifamikla glæpastarfsemi.

Nýjungar í löggjöf og fleira

Ýmsir þeir þættir sem nágrannaríki okkar hafa sett í lög nýverið til að berjast gegn skipulagðri glæpastarfsemi hafa einnig nýlega verið settir í lög hérlendis. Hér má nefna þætti eins og:

- Vitnavernd.
- Takmarkmörkun á aðgangi verjanda og sakbornings að gögnum.
- Tryggja nafnleynd vegna tilkynninga um brot.
- Réttur lögreglu til að halda leyndum almennum bakgrunnsupplýsingum um skipulagða glæpastarfsemi o.s.frv.
- Heimild til að neita um aðgang að viðkvæmum upplýsingum, t.d. um rannsókn á ákveðnum málum eða rannsóknaraðferðir.
- Auknar heimildir til hlerunar.
- Heimildir til að gera upptækan hagnað af fikniefnabrotum, skattalagabrotum, virðisaukaskattsbrotum og stórtækum tollalagabrotum.

Þá má nefna lög til breytinga á ákvæðum almennra hegningarlaga um vændi (þingskjal 38) og frumvarp um fórnarlamba- og vitnavernd vegna mannsalsmála (þingskjal 620).

Fyrir Alþingi liggur, og er til umræðu í utanríkismálanefnd á ritunartíma þessarar skýrslu, tillaga til þingsályktunar um skipan opinberrar nefndar um öryggi og varnir Íslands (þingskjal 86).

Þá hafa tekið gildi lög (144/1998 með síðari breytingum) sem fullgilda svonefndan spillingarsamning sem undirritaður var í Strassborg 27. janúar 1999, og varða þau refsiaþbyrgð lögaðila vegna mútugreiðslna og hryðjuverka. (Alþingi, 2004).

Sett hafa verið lög um siglingavernd þar sem innleiddar eru í íslenskan rétt alþjóðlegar reglur og skuldbindingar á sviði siglingaverndar. Í greinargerð með frumvarpinu og skýrslu stýrihóps um siglingavernd, kemur fram að Alþjóða siglingamálastofnunin (IMO), hefur samþykkt alþjóðlegar kröfur um vernd skipa gagnvart hryðjuverkum, í kjölfar hryðjuverkaárásar í Bandaríkjunum 11. september 2001.

Í lögum um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála sem nú er til umræðu á Alþingi er lagt til í fyrsta lagi að lögregla geti undir ákveðnum kringumstæðum neitað verjanda um aðgang að einstökum skjölum eða öðrum gögnum ef það telst nauðsynlegt vegna rannsóknar máls. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að lögreglu verði heimilt að taka yfirheyrslur sakbornings og vitna upp á hljóð- eða myndband eða mynddisk. Í þriðja lagi geti handhafi ákærvalds ákveðið að símhlustun hefjist án dómsúrskurðar en beri ákvörðunina innan sólarhrings undir dómara. Þessu ákvæði var

reyndar breytt í meðferð þingsins. Einnig eru í frumvarpinu ákvæði sem lúta að vitnavernd lögreglumanna og annarra vitna. Ef frumvarpið nær fram að ganga er strax verið að styrkja stöðu lögreglunnar og tollgæslunnar í baráttunni gegn skipulagðri glæpastarfsemi. En frekari breytingar þyrfti að gera á lögum til að lögregla og tollgæsla hefðu þau verkfæri í höndunum sem nauðsynleg eru í þessari baráttu.

Tollalög

Tollalög nr. 55/1987 veita tollgæslumönnum mikilvægar heimildir umfram þær sem lögregla hefur og getur auðveldað baráttuna gegn mótorhjólagentjum og öðrum glæpasamtökum. Úrræði sem tollgæsla getur beitt án atbeina dómara eða annarra og tiltekin eru í 42. – 46 gr. laganna, eru meðal annars heimild til eftirlits og rannsóknar á varningi í vöruhúsum á hafnarsvæðum og flugvöllum, og þar sem ótollafgreiddar vörur eru eða hafa verið geymdar, auk nokkuð víðtækra leitarheimilda. Þar á meðal er heimild til leitar í ökutæki þar sem grunur er um að leynist ólöglega innfluttar vörur. Einnig eru með tilteknum skilyrðum heimildir til líkamsleitar í lögunum án undangengins úrskurðar. Allar eru þessar heimildir, ásamt samstarfi tollgæslu og lögreglu, mikilvæg í baráttunni gegn skipulagðri glæpastarfsemi, þ.á.m. ólöglegri starfsemi mótorhjólagentja, með tilvísun til þess sem kemur fram á öðrum stað í skýrslunni um hana. Að auki hefur tollgæslan ómetanlegan aðgang að ýmsum gagnasöfnum, svo sem varðandi innflutning vöru og innflytjendur. Einnig upplýsingar frá gjaldeyrisstofnunum, greiðslukortafyrirtækjum og öðrum, sem er skylt að láta tollgæslunni upplýsingar í té, sbr. 3. mgr. 50. gr. tollalaga. Þá eru ótaldir gagnabankar og skráasöfn, m.a. alþjóðleg.

Alþjóðlegt samstarf

Mótorhjólagerði og skipulögð glæpasamtök

Ýmiskonar alþjóðlegt lögreglusamstarf er við lýði í tengslum við skipulagða glæpastarfsemi. Hvað varðar eftirlit með starfsemi mótorhjólasmataka eru Norðurlöndin t.d. með tengiliði sín á milli og við önnur lönd, s.s. Þýskaland. Komið hefur verið á samstarfi lögreglu og tollgæslu á Norðurlöndunum (PTN), sem m.a. hefur gefið út handbók með gagnlegum og leiðbeinandi upplýsingum til löggæslumanna um alþjóðleg mótorhjólagerði.

Europol heldur uppi samstarfi vegna hins sama (Project Monitor). Með því er safnað upplýsingum um starfsemi mótorhjólagerðja, þær greindar og þeim dreift milli þáttökulandanna. Ísland er þó ekki beinn aðili að upplýsingum heldur þarf að fá þær í gegnum eitthvað ríki sem er í Evrópusambandinu.

Erlend samskipti vegna mótorhjólagerðjanna er undir yfirstjórn saksóknara efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra. Það samstarf er í föstum farvegi.

Dómsmálaráðherrar Norðurlanda hafa fjallað um skipulagða glæpastarfsemi á fundum sínum og rætt sérstaklega baráttuna gegn mansali. Einnig hafa dómsmálaráðherrar Norðurlandanna tekið þátt í fundum ráðherra Eystrasaltsríkjanna um baráttuna gegn skipulagðri glæpastarfsemi og þar hefur verið lagður grunnur að víðtæku lögreglusamstarfi.

Þá má nefna að undanfarin ár hefur verið gott samstarf við bandarísk yfirvöld um lögreglumálefni, sérstaklega á sviði þjálfunar og fræðslu. Þar ber e.t.v. hæst samvinna á sviði landamæragæslu og fíkniefnaeftirlits.

Vitnavernd

Dönsk yfirvöld hafa unnið að aukinni vitnavernd vegna hótana og ofbeldis sem vitni í málum gegn gengjunum hafa orðið fyrir. Ein aðferð gengjanna til þess að festa sig í sessi og styrkja afgangsglæpastarfsemi sína, ásamt því að slá skjaldborg um meðlimi sína, er sú að koma í veg fyrir að borið sé vitni um lögbrot þeirra. Vitnavernd var augin í Danmörku með breytingu á lögum á árinu 2003.

Starfsmaður dómsmálaráðuneytisins situr ásamt löglærðum fulltrúa efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra í norrænum samstarfshópi um vitnavernd. Hópurinn hefur það meginhlutverk að vinna að nánun samstarfi Norðurlandanna á þessu sviði, einkum hvað varðar vitnaskipti milli landanna og hugsanlegar verklagsreglur og bestu framkvæmd í þeim efnum. Er nú einnig verið að horfa til fangaflutninga. Flestir fulltrúar í samstarfshópnum sitja þar fyrir hönd embætta ríkislögreglustjóranna. Þetta samstarf hefur gert það að verkum að unnt er að fylgjast tiltölulega náíð með allri lagasetningu og lagabreytingum á þessu sviði, er lúta að vitnaverndinni, og hefur þessi hluti e.t.v. verið meira til skoðunar hjá dómsmálaráðuneytinu. Norðurlöndin hafa stigið mörg skref á undanförunum árum í að styrkja vitnaverndarúræði í réttarfarslöggjöf. Má sem dæmi nefna umræddar nafnlausar yfirheyrslur, útfærslu á heimsóknar-/nálgunarbannsaðkvæðum, aðkvæði um

falskar / breytilegar persónuskráningar o.fl. þessu tengt (dómsmálaráðuneytið/
Hólmsteinn Gauti, mars 2004).

Þar sem vinnuhópur er þegar hér á landi vegna vitnaverndar fjallar stýrihópur
ríkislögreglustjóra ekki sérstaklega um þann þátt mála í skýrslunni.

Innra eftirlit

Skipulögð og fjölþjóðleg glæpastarfsemi veltir miklum fjármunum og miklir hagsmunir geta verið tengdir henni. Dæmi hefur verið nefnt um að mútur til embættismanna tíðkist innan hennar en einnig eru kunn dæmi um að glæpasamtök komi flugumönnum sínum að innan vébanda lögreglu og eftirlitsstofnana, eða leitist við að koma þeim í þjónustu þessara stofnana. Ýmist í því skyni að njósna um fyrirætlanir og aðgerðir gegn þeim og skyldum glæpasamtökum og / eða með því að stela upplýsingum og búnaði til að nota við afbrot.

Í frétt frá Danmörku í mars 2004 (BT 16. mars 2004) segir að þarlandur lögreglumaður hafi um langa hríð eða a.m.k. allt frá árinu 1999 lekið upplýsingum frá lögreglunni til Hells Angels. Á því ári fann lögregla mikið magn sprengiefna í kjallara fjölbýlishúss í Kaupmannahöfn, ásamt stolnum einkennisbúningum lögreglu, fíkniefnum, skotvopnum og vestum merktum Hells Angels. Einnig fannst vísbending um tengsl tiltekins meðlims samtakanna við vettvanginn en þegar lögreglan ruddist inn í verustað hans til handtöku, var hann á bak og burt. Í ljós kom að téður lögreglumaður hafði verið á fjarskiptavakt og laumast út af lögreglustöðinni til að hringja í þennan HA-meðlim til að aðvara hann.

Kunn eru dæmi um breyskleika lögreglumanna, tollgæslumanna og annarra embættismanna sem hafa í eigin ágóðaskyni eða annarra brotið gegn starfsskyldum sínum og óþarft að fjölyrða um það hér. Aðeins þarf að viðurkenna hættuna á að þeir sem koma að rannsókn skipulagðrar glæpastarfsemi, sem og aðrir löggæslumenn, láti undan freistingum, og hættuna á að flugumenn komist inn í raðir lögreglu og tollgæslu.

Ríkislögreglustjóri gaf á árinu 2003 út siðareglur fyrir lögreglu. Þar er sérstaklega kveðið á um að starfsmenn lögreglu skuli beita sér gegn spillingu innan lögreglunnar og verði þeir hennar varir skuli þeir tilkynna yfirmönnum sínum um hana. Tollgæslan hefur ekki sett sér sérstakar siðareglur en mikilvægt er að það sé gert. Setja þarf upp sérstaka áætlun sem hefur það að markmiði að koma í veg fyrir spillingu innan lögreglu og tollgæslu og að þessar mikilvægu stofnanir samfélagsins vinni sem ein heild í baráttu gegn skipulagðri glæpastarfsemi. Einn þáttur þess gæti verið að koma upp sameiginlegu innra eftirliti lögreglu og tollgæslu.

Tillögur

Hugmyndir meðal nágrannaþjóða

Í skýrslu Evrópusambandsins um skipulagða glæpastarfsemi árið 2003, er kafli með tillögum að úrræðum í baráttunni gegn glæpum. Þar er m.a. fjallað um:

Stefnumörkun

Meðal annars er lagt til að farið verði út í heildstæða stefnumörkun aðildarþjóðanna, sem byggir á eldri stefnumótun. Þá er lagt til að lögð verði aukin áhersla á forvarnir sem byggir á fyrra starfi á því sviði, í samvinnu opinberra stofnana og einkaaðila.

Lagaumhverfi

Ná mætti fram auknu samstarfi og skilvirkari löggæslu með bættri forgangsriðun og skipulagningu aðildarþjóðanna. Þar ber hátt hugmyndina um samræmda löggjöf varðandi t.d. dreifingu fíkniefna, ólöglegan flutning fólks og peningabætti. Hvatt er til að hugmyndum sem þegar eru um samræmingu verði hraðað sem mest. Sérstaklega er hvatt til viðvarandi endurskoðunar á löggjöf sem varðar samstarf sem nær yfir landamæri og bent á nauðsyn þess að setja ákvæði sem komi í veg fyrir óþarfar réttarfarslegar hindranir.

Framkvæmd aðgerða

Lagt er til að alþjóðlegt samstarf lögreglu verði eflt frekar, sérstaklega hvað varðar fyrirbyggjandi aðgerðir (proactive). Þar er einkum nefnd upplýsingasöfnun, afbrotagreining, sameiginleg rannsóknarteymi og aðrar ráðstafanir til að tryggja árangursríkt lögreglusamstarf.

Upplýsingasöfnun

Baráttan gegn skipulagðri glæpastarfsemi er einkanlega sögð byggjast á sameiginlegri skilgreiningu á fyrirbærinu. Þá þurfi að rannsaka betur uppbyggingu glæpasamtaka og bera kennsl á höfuðpaura glæpastarfseminnar. Bent er á að tengsl séu við glæpahópa utan Evrópu og huga þurfi að samstarfi lögreglu útfyrir álfuna, s.s. við löggæslustofnanir í N-Ameríku. (EU Organised Crime Report 2003, bls. 26).

Tillögur stýrihópsins

Úttekt og stöðumat

Ekki er nóg að gera einu sinni úttekt á eðli og umfangi þessa víðtæka flokks glæpastarfsemi, heldur þarf reglulega að gera stöðuúttekt og lögreglan, tollgæslan og samstarfsaðilar að haga vinnu sinni í samræmi við niðurstöðu hennar og aðrar upplýsingar sem liggja fyrir hverju sinni. Eitt af einkennum skipulagðrar glæpastarfsemi er það að hún lagar sig að aðstæðum hverju sinni og á hverju svæði eftir því sem best hentar.

Það er tillaga þessa starfshóps að gert verði stöðumat minnst árlega þar sem metið verði umfang skipulagðrar glæpastarfsemi og rituð skýrsla þar um. Með því sé leitast við að gera sér grein fyrir stöðunni hverju sinni ásamt því að fjallað sé um þær breytingar sem verða kunna frá tíma til tíma á henni ásamt tillögum um viðbrögð.

Megin tillagan er sú að gerð verði athugun á umfangi og eðli skipulagðrar og alþjóðlegrar glæpastarfsemi á Íslandi. Í slíkri úttekt þarf að styðjast við alþjóðlega skilgreiningu á slíkri starfsemi ásamt því að kanna hvern brotaflokk fyrir sig. Stýrihópurinn hefur þegar hafið undirbúning að slíkri vinnu og mun fylgja henni eftir.

Sókn gegn glæpum

Þegar eðli skipulagðrar glæpastarfsemi hefur verið greint, er næsta skref að stýrihópurinn skipuleggi sóknina gegn henni og koma á samstarfi lögreglu við aðrar stofnanir, s.s. útlendingastofnun, tollgæslu, sveitarfélög og einstakar stofnanir þeirra ásamt öðrum sem lagt geta slíku starfi lið. Í slíku samstarfi þarf að huga sérstaklega að reglum sem kunna að hindra slíkt samstarf að einhverju marki, svo sem hvað varðar miðlun persónuupplýsinga. Á ritunartíma þessarar skýrslu hefur verið undirrituð sameiginleg viljayfirlýsing ríkislögreglustjóra og Sambands íslenskra sveitarfélaga sem hefur það markmið að efla samstarf lögreglu og sveitarfélaga. Yfirlýsingin lýtur einkum að forvörnum og afbrotum ungmenna en með henni er jafnframt sett tiltekin starfslýsing um samstarf lögreglu og sveitarfélaga. Hér kann að vera kominn mikilvægur grunnur að samstarfi og tengslum sem nýst geta í baráttunni gegn skipulagðri glæpastarfsemi.

Samhæfing upplýsingadeilda – ný upplýsingadeild RLS

Lagt er til að stofnuð verði sérstök upplýsingadeild innan embættis ríkislögreglustjóra sem vinnur að öflun og samræmingu upplýsinga, sem varðað geta skipulagða og alþjóðlega glæpastarfsemi, peningaþvætti og hryðjuverk. Deildin skal tryggja miðlun gagnlegra upplýsinga milli stofnana og embætta eftir því sem lög og reglur leyfa.

Við embætti lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli er þegar starfandi deild sem fæst við öflun og greiningu upplýsinga á þessu sviði, enda eru þessi málefni nátengd því embætti vegna alþjóðaflugvallarins á Keflavíkurflugvelli sem er samofin starfsemi embættisins. Sú deild leggur m.a. mat á alþjóðlega hryðjuverkaógn og margvísleg verkefni sem tengjast alþjóðlegri glæpastarfsemi. Hún var stofnuð um síðustu áramót í tengslum við gagnnjósnaverkefnið hjá SHAPE sem greint er frá framar í skýrslunni. Deildin á Keflavíkurflugvelli fer enn fremur í dag með áhættugreiningu á mikilvægustu landamærastöð landsins sem nánast allir flugfarþegar fara um (96%).

Til athugunar hefur verið að embættið á Keflavíkurflugvelli bæti við sig áhættugreiningu á öllum flugfarþegum sem til landsins koma.

Hin nýja deild RLS myndi starfa náið með framangreindri deild lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli og tryggja upplýsingaflæði og samræmingu gagnvart öðrum embættum og verkefnum sem í gangi eru á Íslandi. Samvinna milli þessara deilda myndi tvímælalaust tryggja bestu nýtingu fagþekkingar hjá báðum embættum, spara tíma með styttingu boðleiða og koma í veg fyrir tvíverknað. Til að sporna við hinni sívaxandi alþjóðlegu glæpastarfsemi er nauðsynlegt að tryggja hinni nýju deild fjárframlög og einnig núverandi deild lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli viðbótarfjárframlög.

Þá verði komið upp gagnabanka lögreglu (sérstakt vefsvæði) þar sem allir lögreglumenn og tollverðir geta komið upplýsingum á framfæri, svo sem um menn, húsnæði eða annað sem talið er hafa gildi fyrir löggæsluaðila. Á sama hátt þurfa lögreglumenn og tollverðir að geta sótt upplýsingar í bankann (gagnvirkur). Samanburður, flokkun og úrvinnsla slíkra upplýsinga er nauðsynleg svo tryggt sé að þær komi að sem bestum notum. Almennt verður að gera ráð fyrir hvatningu til þess að starfsmenn lögreglu og tollgæslu miðli upplýsingum í sameiginlegan grunn. Þá verður að telja mikilvægt að koma á tilkynningarskyldu lögregluembættanna til ríkislögreglustjóra í þeim tilvikum að grunur vaknar um brot sem fellur undir skilgreiningu þess að teljast skipulegt eða alþjóðlegt. Þannig myndi nást að halda betur utan um skipulagða glæpastarfsemi og með skjótvirkari hætti en ella.

Þá verður að tryggja samvinna lögreglu og skattrannsóknarstjóra í gegnum embætti ríkislögreglustjóra þegar upp kemur grunur um skipulagða glæpastarfsemi þannig að lögregluembættin hafi aðgang að upplýsingum svo sem heimildir leyfa. Með þeim hætti er tryggt að lögregluembættin geta leitað á einn stað sem flýttir og auðveldar rannsóknir. Með þeim hætti er einnig komið upplýsingum á framfæri við skattrannsóknarstjóra sem embætti hans getur tekið til skoðunar og getur e.t.v varðað við brot á skattalögum.

Mótorhjólagerði

Í kaflanum hér frammar í skýrslunni um reynslu nágrannaljóða okkar af glæpasamtökum kemur fram hversu hátt hlutfall meðlima mótorhjólagerða í Danmörku og áhangenda þeirra situr í fangelsi á hverjum tíma. Vafalaust er svipað hlutfall að finna í öðrum löndum þar sem eru starfræktar aðrar deildir sömu samtaka. Þessi staðreynd ætti að duga Íslendingum til þess að skilgreina samtökin sem glæpasamtök sem stuðla að lögbrotum og draga úr öryggi borgara þeirra ríkja þar sem þau starfa, og þar með að úthýsa þeim með lögum úr íslensku samfélagi. Sömu skilgreiningu má nota gagnvart öðrum kunnnum glæpahópum.

Áhættumat

Tekið er undir áhættumat MG-vinnuhópsins um að líkur séu á því að bráðum takist að stofna annað hvort Bandidos eða Hells Angels deild hérlendis. Fafner MC Iceland hefur lengi verið í tengslum við Hells Angels og ekki er vitað hvernig það muni þróast. Við þessu verður þegar að bregðast, m.a. með lagasetningu svo sem lagt er til hér á eftir.

Nýting MG-vinnuhópsins

Þau embætti sem eiga fulltrúa í vinnuhópnum geta fengið hann til aðstoðar í aðgerðum vegna mótorhjólagerðar, m.a. við húsleitir. Yfirmaður viðkomandi embættis snýr sér með beiðni um aðstoð til formaður vinnuhópsins sem boðar hann út, að hluta til eða allan eftir atvikum, og í samráði við yfirmenn þeirra embætta sem í hlut eiga. Kostnaðurinn fellur á það embætti sem hefur fulltrúan í hópnum og leggja ber áherslu á að útköll gangi sem skjótast og greiðast fyrir sig. Við aðgerðir er vinnuhópurinn undir stjórn viðkomandi embættis þar sem aðgerðin fer fram. Leggja ber áherslu á að nýta þá sérþekkingu sem vinnuhópurinn býr yfir. Í þessu sambandi er vísað til heimildar í ákvæðum lögregluglaga nr. 90/1996 og reglugerðar nr. 396/1997 um stjórn lögreglurannsóknna og samvinnu lögreglustjóra við rannsókn opinberra mála.

Forvarnir lögreglustjóranna

Gera þarf stefnumótun og leiðbeiningar fyrir lögreglustjórana um leiðir til að fækka afbrotum og vinna gegn skipulagðri glæpastarfsemi.

Embætti ríkislögreglustjóra vinni þetta starf.

Gengi tengd kynþáttahatri / unglíngagengi

Samstarfshópur lögreglu og stofnana Reykjavíkurborgar er starfandi, um hópamyndun unglínga (myndun unglíngagengja) og kynþáttahatur. Nokkuð hefur verið undanfarin misseri um átök milli unglíngagengja, sem virðist mega tengja uppruna og kynþætti, a.m.k. að einhverju leyti. Taka þarf vinnu þessa hóps og rannsóknir á þróun þessara mála inn í þá heildarmynd sem hér er verið að skoða um skipulagða glæpastarfsemi, en samkvæmt þeirri skilgreiningu sem hér er stuðst við, má ætla að hér sé orðinn til a.m.k. vísir að skipulagðri glæpastarfsemi þar sem hópur einstaklinga ræðst skipulega gegn einstaklingum eða hópum sem þeir gera sér að andstæðingum.

Embætti ríkislögreglustjóra fylgi þessu máli eftir og meti hvort rétt sé að þróa svipaða vinnu í öðrum umdæmum landsins.

Fræðileg rannsókn

Skipulagða glæpastarfsemi þarf að skoða frá sem flestum hliðum. Hér er lagt til að gerð verði úttekt á þeim samfélagslegu forsendum sem þurfa að vera til staðar til að skipulögð glæpastarfsemi geti fest rætur hér á landi og við hvaða aðstæður spilling þrífist í þjóðfélaginu og hvernig best er að vinna gegn henni. Hér er til að mynda átt við menningarlega fjölbreytni samfélagsins, efnahagslega stöðu o.s.frv. Þá yrði einnig litið til stöðu þessara þátta hér á landi og út frá því leitast við að leggja mat á líkur á því að hér nái að myndast skipulagðir glæpahópar og/eða við hvaða aðstæður slíkt gæti átt sér stað. Ennfremur við hvaða forsendur spilling geti orðið innan þjóðfélagsins almennt og einnig innan réttarvörslukerfisins. Í þessu sambandi er m.a. horft til reynslu nágrannabjóðanna. Mikilvægt er að skoða við hvaða aðstæður spilling tengd skipulagðri glæpastarfsemi geti þrífist. Skoða síðan hvernig aðstæður eru hér á landi og út frá því leitast við að leggja mat á úrræði til að koma í veg fyrir mögulega þróun í þessa átt.

Embætti ríkislögreglustjóra ráði sérfræðing til að gera rannsóknina.

Innri málefni réttarvörslukerfisins

Gera þarf áætlun um hvernig efla megi siðferði starfsmanna lögreglu, tollgæslu og annarra starfsmanna réttarvörslukerfisins, og að öðru leyti að leita leiða til að koma í veg fyrir að spilling geti þrífist innan þeirra raða. Hér kemur m.a. til álita að auka vægi siðfræði í grunnnámi löggæslumanna, símenntun og framhaldsnámi. Viðvarandi umræða um spillingu og upprætingu hennar væri gagnleg innan þessara stofnana, og með henni mætti gera löggæslumenn betur vakandi gagnvart því að koma í veg fyrir spillingu. Þá má með skipulegu og öflugum innra eftirliti hindra spillingu í að þrífast. Útfæra þarf nánar tillögur um þetta.

Mælt er með því að dómsmálaráðherra setji sérstakar reglur um öflun, vörslu og notkun viðkvæmra upplýsinga sem leiða af nýjum og væntanlegum ákvæðum laga varðandi vitnavernd, leynd yfir upplýsingum sem varða skipulagða glæpastarfsemi, nafnleynd vegna tilkynninga um brot o.s.frv. Um getur verið að ræða upplýsingar sem reynst geta skjólstaðingum réttarvörslukerfisins hættulegar ef ekki er með farið af ýtrustu gætni.

Staða skipulagðrar glæpastarfsemi í Evrópu

Mikilvægt að taka þátt í og efla samstarf við löggæslustofnanir annarra þjóða, svo sem innan Norðurlandanna og á vettvangi Europol. Er þá m.a. horft til European Police College Network, skammstafað CEPOL, sem heldur árlega mjög góð námskeið varðandi alþjóðlega glæpastarfsemi, auk sérnámskeiða fyrir hina ýmsu þætti skipulagðrar glæpastarfsemi. Lagt er til að embætti ríkislögreglustjóra taki þátt í þessu samstarfi og e.a. feli lögreglustjórum að sækja einstök námskeið. Með því má viðhalda og afla nýrrar þekkingar varðandi málefnið.

Tillögur um lagabreytingar

1. Lagt er til að lögfestar verði þær skilgreiningar Sameinuðu þjóðanna ásamt viðaukum sem fram koma í samningi SÞ gegn alþjóðlegri og skipulagðri glæpastarfsemi eins og t.d. hvað sé skipulögð glæpastarfsemi. Áriðandi er einnig að sáttmálinn verði lögfestur án undandrátta.
2. Ákvæði verði bætt í 5. gr. lögreglulaga nr. 90/1996 um að hjá embætti ríkislögreglustjóra sé starfrækt sérstök upplýsingadeild sem samhæfi vinnu þeirra lögregluembætta sem vinna að öflun og greiningu upplýsinga, sem varðað geta skipulagða og alþjóðlega glæpastarfsemi, peningaþvætti og hryðjuverk. Dómsmálaráðuneytið og utanríkisráðuneytið útfæri nánar verkaskiptingu milli sinna lögregluembætta á þessu sviði.
3. Lagt er til að framkvæmd verði lögfræðileg úttekt á því hvort unnt sé að banna með lögum starfsemi tiltekinna skipulagðra samtaka, sem skilgreina má sem glæpasamtök. Í þessu sambandi verði sérstaklega tekið til skoðunar hvort unnt sé með einhverjum hætti að banna með lögum stofnun mótörhólagengjanna Bandidos og Hells Angels á Íslandi og notkun merkja þeirra og einkenna.
4. Farið verði heildstætt yfir íslenska löggjöf með það að markmiði að styrkja heimildir lögreglu og tollgæslu í baráttunni gegn skipulagðri glæpastarfsemi. Slík endurskoðun er í meðferð danska þingsins núna og er lagt til að tekið verði mið af þeirri niðurstöðu sem þar fæst. Lagt er til að myndaður verði sérstakur hópur lagasérfræðinga og sérfræðinga um málefni lögreglu og tollgæslu þar sem farið verði í heild sinni yfir málið og gerðar tillögur um lagabreytingar. Það sem m.a. þarf að skoða í því sambandi er í hversu miklum

mæli eigi að lögfesta ýmsar reglur sem lögregla vinnur eftir í dag og eru byggðar á reglum ríkissaksóknara, t.d. um samskipti við upplýsingagjafa, tálbeitar og afhendingu undir eftirliti. Einnig hvort rétt sé að sameina grunnám lögreglumanna, tollvarða og fangavarða og að einhverju leyti starfsmanna Landhelgisgæslu Íslands. Ennfremur að huga að nauðsynlegum lagabreytingum til að auka samstarf lögreglu, tollgæslu, útlendingastofnunar, skattrannsóknarstjóra og landhelgisgæslu.

5. Ýmsir þættir koma til skoðunar í íslenskri löggjöf í þessu sambandi en um marga þeirra gilda nú þegar reglur um framkvæmd sem settar hafa verið af ríkissaksóknara og ríkislögreglustjóra. Rétt þykir hins vegar að auka heimildir lögreglu og marka þeim skýrari farveg með því að lögfesta þær. Það sem helst kemur til skoðunar í því sambandi eru eftirfarandi þættir þegar rökstuddur grunur leikur á að þeir tengist skipulagðri glæpastarfsemi:
 - Leit á mönnum (hópum, einstaklingum) og handtökur.
 - Auka heimildir til húsleitar.
 - Vopnalög; herða viðurlög við vopnaburði í þéttbýli.
 - Auðvelda lögreglu sýndarviðskipi með fíkniefni í tengslum við rannsóknir mála.
 - Lögfesta reglur um afhendingu fíkniefna undir eftirliti.
 - Lögfesta úrræði gegn afbrotum á alnetinu.

Samantekt

Sameinuðu þjóðirnar hafa með samningi frá árinu 2003 skilgreint skipulagða og alþjóðlega glæpastarfsemi. Jafnframt hafa samtökin lagt til að aðildarþjóðir beiti sér gegn slíkri starfsemi með innleiðingu tiltekinna atriða í löggjöf sína sem auðveldar baráttuna gegn henni. Vandamálið er alþjóðlegt og þar sem glæpahópar hagnýta sér nýjustu og bestu tækni sem völ er á hverju sinni, auk þess að starfa óháð landamærum er nauðsynlegt að lögregla og yfirvöld geri slíkt hið sama í þeim mæli sem unnt er.

Meðal helstu brotaflokka á evrópska vísu eru auðgunarbrot af hverskyns tagi, peningaþvætti, mansal og smygl á fólki, dreifing fíkniefna o.fl. Yfirvöld hafa vitneskju um mörg helstu starfandi glæpasamtök og um þá glæpi sem þau stunda. Meðal þeirra illskeyttustu eru svokölluð mótörhjólagengi sem m.a. starfa á Norðurlöndum og hafa reynt að seilast til áhrifa á Íslandi en mætt harðri mótspyrnu af hálfu yfirvalda.

Nágrannarþjóðir okkar hafa áratuga reynslu af skipulögðum glæpasamtökum og starfsemi þeirra, sem fer stöðugt vaxandi. Þær hafa með löggjöf, eflingu löggæslu, víðtæku samstarfi og upplýsingamiðlun tekist á við þennan vanda sem blasir við að er til staðar á Íslandi að einhverju leyti og mun án vafa vaxa hér á landi í framtíðinni. Því er okkur það nauðsynlegt að hagnýta reynslu þessara þjóða af baráttunni gegn skipulagðri glæpastarfsemi og sníða löggjöf, starfshætti lögreglu og annarra stofnana, og almennt eftirlit að því sem hefur reynst öðrum best. Ekki er síst mikilvægt að taka þátt í og efla samstarf við löggæslustofnanir annarra þjóða, svo sem innan Norðurlandanna og á vettvangi Europol.

Á vegum Evrópusambandsins hefur verið lögð fram stefnumörkun vegna baráttunnar gegn skipulagðri glæpastarfsemi. Þar er kveðið á um forvarnir, forgangsröðun í löggæslu og löggjöf, víðtækt lögreglusamstarf og öfluga upplýsingaöflun. Tillögur stýrihópsins ganga í stórum dráttum út á hið sama. Þá er mjög mikilvægt að ítarleg úttekt fari fram á eðli og umfangi skipulagðrar glæpastarfsemi á Íslandi en sú vinna er hafin af hálfu stýrihópsins. Þá er mikilvægt að horfa til þeirra úrræða sem reynst hafa vel í öðrum löndum. Jafnframt leggur hópurinn til að í kjölfar úttektar verði unnar ítarlegri tillögur um sóknina gegn skipulagðri glæpastarfsemi. Stýrihópurinn leggur áherslu á það að úttekt á skipulagðri glæpastarfsemi fari fram með reglubundnum hætti svo hægt sé að haga baráttunni gegn henni til samræmis.

Heimildir

Stuðst er í skýrslunni við fjölda heimilda og stuðgagna, þessi meðal hinna helstu:

- 1) Berlingske Tidende (BT): *Nordjylland hærges af bilindbrud*, <http://www.bt.dk>, (sótt 03.03.2004).
- 2) Berlingske Tidende (BT): *Politimand lækede oplysninger til HA*, <http://www.bt.dk> (sótt 16.03.2004).
- 3) Berlingske Tidende (BT): *Rocker-boss bag tremmer*, <http://www.bt.dk>, (sótt 09.03.2004).
- 4) Bojan Dobovšek: *Organized Crime – Can We Unify The Definition*, <http://www.ncjrs.org/policing/org323.htm>, College of Police and Security Studies, Slovenia, 1996, (sótt 03.03.2004).
- 5) Council of Europe: *SPACE I Survey 2002*, Strassborg 2003.
- 6) Eliza Manningham-Buller: *Global Terrorism: Are we meeting the challenge*, 2003.
- 7) Europol: *2002 European Union Organised Crime Report*,
- 8) Europol: *2003 European Union Organised Crime Report*,
- 9) Europol: *Annual Report 2002*, Luxembourg, 2003.
- 10) Folketinget: *Forslag til lov om ændring af straffeloven og retsplejeloven*, <http://www.ft.dk>, (sótt 23.12.2003).
- 11) Home Office: *Statement on Organised Crime from the Home Secretary*, 2004.
- 12) Innanríkisráðuneyti fylkisins Nordrhein-Westfalen (isl. þýð.), 2000.
- 13) Justitsministeriet: *Rigsadvokatens undersøgelse vedrørende Hizb ut-Tahrir*, <http://www.jm.dk>, (sótt 06.02.2004).
- 14) Júlíus Ó. Einarsson: *Eftirlit með rússneskum skipum til 15. nóvember 1993* (skýrsla), Lögreglan í Reykjavík, 1993.
- 15) Jyllands-Posten (JP): *Ökonomisk kriminalitet i kraftig vækst i Danmark*, <http://www.jp.dk>, (sótt 04.03.2004).
- 16) Lagasafn: *Lög nr. 33/1944 - Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands*, útgáfa nr. 129, 1. október 2003.
- 17) National Criminal Intelligence Service: *NCIS UK Threat Assessment 2003 – The threat from serious and organised crime 2003*, NCIS 2003.
- 18) Politidirektoratet: *Rådet for samordnet bekjempelse av organisert kriminalitet (ROK) - Årsrapport 2002*, Oslo, 2002
- 19) Politidirektoratet: *Forslag til MC-håndbok*, Oslo, Drög febrúar 2004.
- 20) Rigspolitechefen: *Status for indsatsen mod rockerkriminalitet*, Kaupmannahöfn, Nóvember 2003.
- 21) Ríkislögreglustjóri og Samband íslenskra sveitarfélaga: *Viljayfirlýsing um samstarf lögreglu og sveitarfélaga*, frá 30. apríl 2004.
- 22) Royal Canadian Mounted Police: *Gazette*, 64. tbl., nr. 3, 2002.
Bréf dómsmálaráðuneytisins í Kanada til embættis ríkislögreglustjóra, dags. 5. mars 2004.
- 23) Samningur Sameinuðu þjóðanna gegn alþjóðlegri og skipulagðri glæpastarfsemi, ásamt bókunum (íslensk þýðing).
- 24) www.althingi.is.